




**ORKUSTOFNUN**  
ÁRSSKÝRSLA 1993

# ORKUFLÆÐI Á ÍSLANDI 1992 Í PJ



Heildarútgjöld Orkustofnunar á árinu 1993 voru 357 Mkr, sem er um 5% lækkun frá árinu áður. Heildartekjur urðu nánast þær sömu bæði árin eða um 383 Mkr þrátt fyrir að fjárveitingar á fjárlögum lækkuðu um 18 Mkr eða nálægt 8%. Tekjuafgangur var því um 26 Mkr, sem er óvenju mikið þar eð ekki er markmið að Orkustofnun, sem er A hluta ríkisstofnun, skili hagnaði. Fyrir þessum tekjuafgangi nú eru tvær meginástæður. Aðra má rekja til þess að á árinu 1992 var í fyrsta sinn gerð krifa um að rekstur stofnunarinnar skyldi ekki aðeins vera hallalaus heldur skyldi greiðslustaðan gagnvart ríkissjóði einnig vera í jafnvægi í árslok. Útgjöld vegna söluverka koma yfirleitt til greiðslu áður en tekjur fyrir þau innheimtast og til þess að standa undir fjármögnun söluverka varð stofnunin því annað hvort að taka lán eða mynda hæfilegan höfuðstól. Á árinu 1992 samþykkti stjórn Orkustofnunar að mynda á tveim árum höfuðstól sem næmi allt að tveggja mánaða tekjum af söluverkum og var ákveðið að stefna að 17 Mkr höfuðstól í árslok 1993. Tekjuafgangur reyndist síðan nokkru hærri en að var stefnt og stafar það bæði af því að haldið var aftur af útgjöldum, m.a. tækjakaupum vegna óvissu um rekstrartekjur, og að seint á árinu komu óvænt inn nokkur söluverk.

Af tekjum Orkustofnunar 1993 voru 222 Mkr eða tæp 58% fjárveiting til stofnunarinnar á fjárlögum. Auk þess voru um 8% teknanna vegna sérstakra framlaga ríkisins, einkum til Jarðhita-háskóla Sameinuðu þjóðanna. Þannig koma um tveir þriðju af ráðstöfunarfénu frá ríkinu, en um þriðjungur er vegna söluverka.

Að undanfögnu hefur farið fram nokkur umræða um hvaða aðilar skuli kosta orkurannsóknir í landinu. Síðustu tvö ár hafa fjárveitingar til Orkustofnunar á fjárlögum lækkað um nálægt 8% hvort ár. Jafnframt hefur komið fram í skýr-

ingum að stefnt sé að óbreyttri starfsemi stofnunarinnar, en að orkufyrirtæki landsins skuli kosta rannsóknirnar í auknum mæli. Þessi stefnumörkun er í raun mjög eðlileg. Orkurannsóknir eru í eðli sínu ekki rekstrarútgjöld ríkissjóðs heldur miklu fremur fjárfesting, sem telja ber til stofnkostnaðar orkuvera. Í samræmi við þá stefnumörkun munu orkufyrirtækin að lokum greiða allar orkurannsóknir annað hvort beint eða endurgreiða þær ríkissjóði þegar virkjun hefur verið ákveðin. Gallinn við þá aðferð sem endurspeglast í fjárlögum 1993 og 1994 er að þar virðist tilviljun eiga að ráða um of hvaða rannsóknir séu stundaðar, og takist ekki að auka þátttöku orkufyrirtækjanna skal draga úr rannsóknunum. Talsverðar líkur eru á að sú verði raunin ef ekkert er gert til að tryggja þátttöku fyrirtækjanna.

Á stefnuskrá núverandi ríkisstjórnar er að auka mjög orkufrekan iðnað hér á landi. Ennfremur eru uppi hugmyndir um stórfelldan útflutning raforku. Þótt ekki séu líkur á að ný orkuver rísi hér á allra næstu árum er engin ástæða til að ætla annað en að t.d. á næstu 20 árum aukist orkuframleiðsla hér á landi verulega. Kröfur um vandaðan undirbúning allrar mannvirkjagerðar og ekki síst virkjana aukast sífellt. Umhverfisáhrif væntanlegra mannvirkja skipta sífellt meira máli og eru þau nú orðin einn meginþátturinn við undirbúning og ákvarðanatöku. Þessi nýju viðhorf krefjast verulega aukinna rannsókna ekki síst vegna þess að nauðsynlegt er að úr fleiri kostum verði að velja þegar kemur að ákvörðunum.

Núverandi umfang orkurannsókna gerir ekki meir en að tryggja nægar rannsóknir til að stefna ríkisstjórnarinnar varðandi uppbyggingu orkufreks iðnaðar og/eða útflutning á orku geti náð fram að ganga, ef markaðsaðstæður breytast og eftirspurn eftir orku eykst. Verði dregið frekar úr orkurannsóknunum er ennfremur hætt á að þekking á ís-

lenskum orkulindum og reynsla sem hér er til staðar glattist. Síðar getur reynst erfitt að taka upp þráðinn þar sem frá var horfið vegna skorts á hæfu starfsfólki. Orkurannsóknir eru í eðli sínu langtímaverkefni og erfitt er að vinna upp tapaðan tíma síðar meir þegar betur árar þótt nægilegt fé yrði fyrir hendi.

Ríkisvaldinu ber til að tryggja að nauðsynlegar rannsóknir séu stundaðar og brýnt er að móta stefnu um hvernig kostnaður við þær skiptist eða í raun hver skuli leggja út fé til rannsókna. Meginatriði í slíkri skiptingu ættu að vera:

Orkufyrirtækin kosti beint allar rannsóknir á svæðum þar sem þau hafa fengið virkjanaleyfi eða verulegar líkur eru á að þau muni nýta sér í náinni framtíð, t.d. innan 20 ára, þótt formlegt virkjanaleyfi sé ekki fyrir hendi.

Ríkið kosti rannsóknir á svæðum þar sem ekki er til staðar ákveðinn virkjunaraðili svo og grundvallar rannsóknir á íslenskum orkulindum, eðli þeirra og nýtingarmöguleikum. Ennfremur rannsóknir sem miða að þróun aðferða og tækja til rannsókna og nýtingar.

Allar rannsóknir sem ríkið kostar í upphafi ber að líta á sem fjárfestingu sem orkufyrirtækin greiði með einum eða öðrum hætti þegar til virkunar kemur eins og áður sagði. Þá skal ekki einungis meta rannsóknarkostnað sem tengist beint viðkomandi virkjunarsvæði heldur einnig rannsóknir á öðrum svæðum enda hafa þær m.a. áhrif á val á virkjuarstað. Ekki er sjálfgefið að rannsóknir séu metnar á kostnaðarverði í slíku uppgjöri heldur hlýtur að koma til greina að verðleggja þær á markaðsverði, einkum ef útlendingum verður veitt virkjunarleyfi hér á landi.


*Sigfær Jónsson*

## Notkun frumorku á Íslandi 1993 og 1992

Primary Energy Consumption in Iceland in 1993 and 1992, in ktoe and PJ, from Hydro-electricity, Geothermal, Oil Products and Hard Coal, Respectively

Orkutegund	1993			1992		
	Púsundir tonna að olíuígildi	PJ	%	Púsundir tonna að olíuígildi	PJ	%
Vatnsorkurafmagn	383	16,1	16,4	369	15,5	15,8
Jarðhiti	1031	43,3	44,1	1026	43,1	44,1
Olía, keypt innanl.	688	28,9	29,5	681	28,6	29,2
Olía, keypt erlendis	193	8,1	8,2	212	8,9	9,1
Olía, samtals	881	37,0	37,7	893	37,5	38,3
Kol	40	1,7	1,8	43	1,8	1,8
<b>SAMTALS</b>	<b>2335</b>	<b>98,1</b>	<b>100,0</b>	<b>2331</b>	<b>97,9</b>	<b>100,0</b>

## NOTKUN FRUMORKU Á ÍSLANDI Í PJ 1984 - 1993




■ Vatnsorkurafmagn    ■ Olía  
■ Jarðhiti    ■ Kol

## Notkun frumorku á Íslandi 1984 – 1993, PJ

Primary Energy Consumption in Iceland 1984 – 1993, in PJ, from Hydro-electricity, Geothermal, Oil Products and Hard Coal, Respectively

Orkutegund	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	1991	1992	1993
Vatnsorkurafm.	13,4	13,2	13,8	14,1	15,0	15,2	15,0	15,0	15,5	16,1
Jarðhit	38,8	39,1	39,4	40,9	42,3	43,7	43,5	43,5	43,1	43,3
Olía, k.inn.l.	23,5	22,9	23,9	27,4	26,6	27,8	27,8	25,8	28,6	28,9
Olía, k.erl.	8,9	8,7	8,5	10,6	8,4	10,4	8,6	8,0	8,9	8,1
Olía, samtals	32,4	31,6	32,4	38,0	35,0	38,2	36,4	33,8	37,5	37,0
Kol	2,4	2,6	2,9	2,3	2,3	2,5	2,4	2,4	1,8	1,7
<b>SAMTALS</b>	<b>87,0</b>	<b>86,5</b>	<b>88,5</b>	<b>95,3</b>	<b>94,6</b>	<b>99,6</b>	<b>97,3</b>	<b>94,7</b>	<b>97,9</b>	<b>98,1</b>

## UPPRUNI RAFORKU 1993



## Raforkuvinnsla og verg raforkunotkun 1993 og 1992


Generation and Gross Consumption of Electricity 1993 and 1992

	1993		1992		Aukning 1992/93
	GWh	%	GWh	%	
<b>Uppruni raforku</b>					
Úr vatnsorku	4463	94,5	4305	94,8	3,7
Úr jarðhita	254	5,4	230	5,1	10,4
Úr eldsneyti	4	0,1	5	0,1	-20,0
<b>SAMTALS</b>	<b>4721</b>	<b>100,0</b>	<b>4540</b>	<b>100,0</b>	<b>4,0</b>
<b>Tegund raforku</b>					
Fastaorka	3891	82,4	3870	85,2	0,5
Ótryggð orka <sup>1</sup>	830	17,6	670	14,8	24,0
<b>SAMTALS</b>	<b>4721</b>	<b>100,0</b>	<b>4540</b>	<b>100,0</b>	<b>4,0</b>
<b>Notkun, með töpum</b>					
Stóriðja <sup>2</sup>	2388	50,6	2215	48,8	7,8
Almenn notkun	2333	49,4	2325	51,2	0,3
<b>SAMTALS</b>	<b>4721</b>	<b>100,0</b>	<b>4540</b>	<b>100,0</b>	<b>4,0</b>

<sup>1</sup> Stóriðja og rafskautskatlar. Flutnings- og dreifitöp meðtalin

<sup>2</sup> Flutningstöp vegna stóriðjurafragns talin 4,5%, flutnings- og dreifitöp vegna almennrar rafmagnsnotkunar reiknuð 8,5%.

## NOTKUN RAFORKU, MEÐ TÖPUM 1993



## Orkunotkun og orkuvinnsla

Frumorka í þjóðarbúskap Íslendinga nam 2335 þúsund tonnum að olíuígildi árið 1993, þ.e. var jafnmikil og orkan í svona mörgum tonnum af olíu, eða 98,1 petajoule (PJ). Með frumorku er átt við rafmagn frá rafólum í vatnsaflsstöðvum, jarðhita frá borholustútum og eldsneyti sem kom í birgðastöðvar olíufélaganna á árinu að frádreginni birgðaaukningu ársins og eldsneytisölu til erlendra skipa og flugvéla, en að viðbættum kaupum á eldsneyti erlendis beint í íslensk skip og flugvélar. Frumorkan skiptist á orkugjafa á þann hátt sem efsta taflan á síðunni til vinstri sýnir. Árið 1992 er sýnt til samanburðar. Miðað við íbúafjölda landsins hinn 1. desember 1993 var frumorkunotkunin á mann 370 gígajoule (GJ) sem er með því mesta sem gerist í heiminum. Til samanburðar má nefna að hún er 16 GJ á mann að meðaltali í Afríkulöndum sunnan Sahara.

Til þess að unnt sé að leggja tölur um frumorku úr mismunandi orkulindum saman verður orkan að vera mæld í sömu einingum fyrir þær allar. Því verður að umreikna orkuna úr hverri orkulind yfir í sömu einingar. Það má gera með mismunandi hætti. Hér er sami háttur hafður á þeim umreikningum og alþjóðleg samtök á orkusviðinu, eins og Alþjóðlega orkumálastofnunin, IEA, Alþjóðlega orkuráðið, WEC, og fleiri, nota. Nú nýlega breyttu bæði IEA og WEC þessum umreikningshætti nokkuð. Af þeim sökum eru tölurnar í þessari töflu ekki lengur sambærilegar við þær sem birst hafa í ársskýrslum Orkustofnunar til og með 1991. Til að bæta úr því er frumorkunotkun í þjóðarbúskap Íslendinga síðustu 10 árin, 1984 – 1993, sýnd í miðtöflunni á síðunni til vinstri í petajoulum, umreiknuð að nýja hættinum.

Árið 1993 voru flutt inn 726 þús. tonn af olíuvörum og 69 þús. tonn af steinkolum. Smávegis magn af fljótandi olíugösum er hér talið með olíuvörum.

Í árslok 1993 sá jarðvarmi fyrir 85,6% af orkuþörfum til húshitunar á Íslandi, og um 84% landsmanna hituðu hús sín með jarðhita.

## Vinnsla og notkun raforku 1993

Vinnsla og notkun raforku hér á landi árið 1993 er sýnd í neðstu töflunni á síðunni til vinstri. Árið 1992 er sýnt til samanburðar.

Heildarvinnsla og notkun raforku jókst um 4% 1993. Munar þar langmest um vöxt á notkun ótryggðrar raforku til iðnaðar, einkum stóriðju. Þessi notkun jókst um 24% á árinu.

Almenn raforkunotkun jókst aðeins um 0,3% árið 1993. Þessi notkun er ávallt nokkuð háð hitastigi sem er síbreytilegt frá ári til árs. Til að fá sambærilegar notkunartölur um almenna raforkunotkun þarf því að leiðrétta fyrir frávik á ársbitum frá meðallagi hans til langs tíma. Sé það gert óx almenna notkunin um 1,0% 1993 í stað 0,3%. Samsvarandi vaxtartala fyrir 1992 var 1,2%.

## Orkuframkvæmdir og rekstur orkukerfisins

Framkvæmdir lágu að heita má niðri hjá **Landsvirkjun** á árinu. Gerð var 1000 m löng flugbraut sunnan við Blöndulón vegna dreifingar á áburði á Auðkúlu- og Eyvindarstaðaheidi.

Unnið var að viðgerð á asfaltkápunni á Sigöldustíflu og á grjótvörn á Sultartangastíflu. Fram var haldið vinnu við endurnýjun á sátrum rafalanna í Búrfellsvirkjun sem hófst 1992.

Val á leið fyrir Fljótsdalslínu 1 (220 kV) frá Fljótsdalsvirkjun að Svartárkoti í Bárðardal var enn til meðferðar hjá sérstakri nefnd sem umhverfisráðherra skipaði. Nefndin lauk ekki störfum á árinu.

**Rafmagnsveitur ríkisins** lögðu á árinu 33 kV jarðstreng frá Ólafsfirði um 5 km veg inn að Kálfsá. Þaðan að Skeiðsfossvirkjun var skipt um einangrara á línunni yfir Lágheiði og spennan á henni hækkuð úr 19 í 33 kV. 33/22 kV aflspennir var settur upp við Skeiðsfossvirkjun, auk minniháttar

breytinga á rafbúnaði. Sett var stál-pípa í stað asbestpípu á 800 m kafla í aðalaðveituæð hitaveitunnar á Siglu-firði og byggð jöfnunarþró á vinnslu-svæði hitaveitunnar í Skútudal.

Lokið var við 66 kV línu milli Eskifjarðar og Neskaupstaðar með 5,8 km loftlínu og 1,5 km jarðstreng að aðveitistöð Norðfjarðarmegin. Nýtt aðveitustöðvarhús var reist á Norðfirði fyrir 66 og 11 kV rofabúnað og fyrir aflspenna. Ný aðveitustöð var tekin í notkun á Eskifirði.

Byggð var ný birgðaskemma á Hvolsvelli til undirbúnings undir að flytja birgðastöð Rafmagnsveitnanna í Reykjavík til Akureyrar og Hvolsvallar.

Varið var 57 milljónum kr. á árinu til að styrkja og bæta dreifikerfi í þéttbýli á orkuveitusvæði Rafmagnsveitnanna og 15 milljónum til heimtauga þar. Til styrkingar rafdreifikerfa í sveitum var varið 65 milljónum, þar af 50 frá Rafmagnsveitunum sjálfum en 15 fengust úr Orkusjóði, og til heimtauga í strjálbýli 22 milljónum.

Hjá **Orkubúi Vestfjarða** voru þær framkvæmdir helstar á árinu að haldið var áfram að styrkja línurnar frá Mjólkrárvirkjun til norðurs, í Breiðadal, og til suðurs, til Tálknafjarðar og Pateksfjarðar. Hin síðarnefnda var endurbýggð á kafla í botni Tálknafjarðar. Kaflar af dreifilínunum, 11 og 19 kV, voru settir í jörð, í grennd við Reykhóla, í Snæfjallahreppi og í Dýrafirði. Eldingavarar í aðveitustöðvum voru endurnýjaðir og skipt um alla rofa og einnig sjórnbúnað í aðveitustöðinni á Bíldudal. Ný dieselvél var sett upp í varastöðinni í Reykjanesi og stjórnbúnaður þar endurnýjaður. Endurnýjaður var einn elsti hluti dreifikerfisins í Ísafjarðar-arkaupstað.

Á árinu tók Orkubúi Vestfjarða við rekstri Hitaveitu Suðureyrar sem áður var rekin á vegum hreppsins þar.

Framkvæmdir **Hitaveitu Reykjavíkur** voru þær helstar að gufuháfur nr. 2 á Nesjavöllum nærri skiljustöð var byggður og tengdur. Keyptur var varabúnaður fyrir varmaorkuverið og fram haldið tilraunum með að dæla niður í



Við töku sýnis úr bergi í rofinni megineldstöð á Kaldárdal í Skarðsheiði. Verkið er liður í könnun á einkennum íslensks bergs með tilliti til forðafraeðilegra eiginleika þess. Ljós. Ásgrímur Guðmundsson.

*Taking samples of Icelandic rock in an eroded central volcano in order to study geothermal reservoir coefficients.*

jörðina borholuvökva frá skiljum og afrennslisvatni frá varmaskiptum. Suðuræð (sem liggur til Garðabæjar og Hafnarfjarðar) var lögð inn í nýja vegbrú yfir Elliðaár. Frá Suðuræð við Rauðavatn var lögð stofnæð að dælustöð við Rofabæ.

Lokið var byggingu dælustöðvarhúss

við Víkurveg fyrir byggð í Borgarholts hverfum.

Í Vesturbæ og Þingholtum var framkvæmd umtalsverð endurnýjun á heimæðum. Aukning á dreifikerfi hitaveitunnar fylgdi byggð í nýjum hverfum á veituvæðinu. Heildarrúmmál húsa sem tengd voru á árinu var 923 000 m<sup>3</sup>.

Hitaveita Reykjavíkur yfirtók hinn 1. janúar 1993 rekstur Hitaveitu Bessa- staðahrepps sem hún keypti 1992.

Helstu framkvæmdir **Hitaveitu Suðurnesja** á árinu voru að ljúka við OR-MAT-virkjun II í Svartsengi, lokafrágangur við aðveitustöð á Fitjum og við rofastöð. Lokið var einnig við gufuhölu nr. 14 í Svartsengi. Unnið var við aðveitustöðvar í Garði og í Vogum auk frágangsvinnu á nokkrum öðrum. Framkvæmdir voru hafnar við 33 kV jarðstrengi milli aðveitustöðvarinnar á Fitjum og Voga og milli Sandgerðis og Garðs, og lokið við samskonar streng milli Grindavíkur og Húsatófta og Svartsengis og Reykjanes. Loks var unnið við dreifikerfi fyrir rafmagn og heitt vatn og við götulýsingu.

Hitaveitan keypti á árinu hlut Landsvirkjunar í borholu í Eldsvörpum.

**Annað.** Eins og áður stóðu rafveitur víðsvegar um land fyrir venjubundnum framkvæmdum við dreifikerfi, aðveitustöðvar og önnur slík mannvirki hver á sínu svæði. Sama er að segja um hitaveitur. Margar þeirra hafa á undanförunum árum breytt sölufrirkomulagi sínu á heitu vatni úr sölu um hemil í sölu um mæla. Nokkrar hitaveitur undirbjuggu á árinu að taka inn í gjaldskrár sínar reiknaðar leiðréttingar á hitastigi vatnsins við húsvegg notanda til að fá betra mat á þá orku sem hitaveitan lætur viðskiptavinum sínum í té. Ýmsar fleiri hafa í huga að gera hið sama.

Á árinu var borað eftir heitu vatni víða um land; sums staðar með góðum árangri. Unnið var að lagningu minni hitaveitna á nokkrum stöðum í strjálbýli.

## Verðlag á orku

Gjaldskrá Landsvirkjunar hækkaði um 4% 1. janúar 1993 og aftur um 6% 1. ágúst 1993. Gjaldskrár stærstu rafveitnanna hækkuðu að meðaltali um 1,2% yfir allt árið 1993, en þær breyttust mjög mismunandi eftir rafveitum, eða frá 7,0% hækkun í 5,7% lækun. Gjaldskrár hitaveitna breyttust að meðaltali um 2,3%.

Verðlag á áli var mjög lágt allt árið 1993 og þar með einnig orkuverð Landsvirkjunar til Íslenska álfélagsins, ISAL, en það er að hluta tengt álverði. Orkuverðið var 12,615 mUSD/kWh á fyrsta ársfjórðungi 1993 og 12,557 á hinum fjórða, eða 0,92 kr/kWh á báðum ársfjórðungum eftir gengi Bandaríkjadals hinn 31. desember.



Mögulegt stíflustæði Villinganesvirkjunar í gljúfri Héraðsvatna í Skagafirði. Myndin er tekin til suðurs. Bærinn í Villinganesi er efst í hægra horni myndarinnar. Til vinstri í baksýn sést upp í mynni Vesturdals. Ljósmynd. Birgir Jónsson.

*A view of a potential damsite for the proposed Villinganes hydropower project.*

Smásöluverð á olíuvörum hækkaði á árinu 1993. Meðalverðið á gasolíu var 14,4% hærra en árið áður að raunvirði; á bensíni 12,5 – 15,7% hærra eftir tegundum, á dieselolíu 12,3%, á svartolíu 12,9% hærra og á steinolíu óbreytt verð.

## Orkustefna og stjórnvaldsaðgerðir

Viðræður við Atlantsál-hópinn lágu niðri á árinu en samningsaðilar voru í sambandi hvor við annan.

Í maí 1993 lagði iðnaðarráðherra fyrir Alþingi til kynningar skýrslu sem nefnist : „Sæstrengur til Evrópu. Útflutningur á raforku“. Í henni gerir hann grein fyrir tæknilegum möguleikum á slíkum útflutningi og tengslunum milli hans og áframhaldandi uppbyggingar raforkufreks iðnaðar innanlands, möguleikum okkan á raforkumörkuðum Evrópu og þeim hliðum slíks útflutnings er lúta að þjóðhagslegri hagkvæmni hans, lögfræðilegum álitamálum, fjármögnun,

sköttum honum tengdum og áhrifum hans á umhverfið, svo og fyrir þeirri umfangsmiklu og tímafreku vinnu sem nauðsynleg er áður en slíkur útflutningur getur orðið að veruleika. Skýrslan er fyrst og fremst ætluð til að koma af stað umræðu, bæði á Alþingi og meðal alls almennings um spurninguna : Er pólitískur vilji fyrir því hér á landi að nýta orkulindir landsins þannig til útflutnings á raforku til viðbótar við nýtingu þeirra til orkufreks iðnaðar innanlands og til almennra þarfa ?

Nýr iðnaðarráðherra, Sighvatur Björgvinsson, tók við embætti 1. júlí 1993 af Jóni Sigurðssyni sem þá gerðist seðlabankastjóri. Engin breyting varð á stefnu ríkisstjórnarinnar í orkumálum við ráðherraskiptin.

Unnið var áfram á árinu 1993 að samkomulagi um svonefndan Grunnssamning við Orkusáttmála Evrópu sem undirritaður var í Haag í desember 1991 af fulltrúum 48 ríkja og 2 ríkjasambanda, þar á meðal iðnaðarráðherra Íslands. Sáttmálinn sjálfur er fyrst og fremst pólitísk viljayfirlýsing um víðfeðmt samstarf um orkumál og nýtingu orku-

linda er reist sé á fullveldi ríkja og fullveldisrétti þeirra yfir orkulindum sínum, og á frjálsum viðskiptum á markaðsgrundvelli milli ríkja með orku og orkuafurðir.

Mun hæggar hefur gengið að ganga frá Grunnssamningnum en vænst var í upphafi. Fyrir því eru ýmsar ástæður en helstar þeirra eru ástandið í Rússlandi og öðrum lýðveldum í Sovétríkjunum fyrrverandi, sem sum hver eru það sem kalla mætti lykilaðilar að Orkusáttmálanum, og svo að hægt gekk að ljúka GATT-samningunum, en þeir eru í rauninni forsenda þess að unnt sé að ganga frá Grunnssamningnum. Sá vandi er nú úr sögunni en hinn fyrri, sá sem stafar af ástandinum í löndum fyrrum Sovétríkja, aftur á móti ekki. Óvíst er sem stendur hvenær tekst að ljúka samningsgerðinni. Orkumálastjóri sótti suma samningafundina, sem fara fram í Brussel, en starfsmaður í sendiráðinu þar aðra þeirra.

Á vegum Iðnaðarráðuneytisins var unnið að því áfram á árinu að endurskoða löggjöf um eignarétt á orkulindum landsins.

## Starfsemi Orkustofnunar 1993

Orkustofnun fæst við rannsóknir á orkulindum landsins og orkubúskap þjóðarinnar ásamt ráðgjöf til stjórnvalda í orkumálum. Þar að auki annast hún rannsóknir og ráðgjöf fyrir orkufyrirtæki og einstaklinga eftir sérstakri beiðni hverju sinni og gegn greiðslu. Stofnunin starfar samkvæmt Orkulögum nr. 58/1967.

Stofnunin starfar í fjórum deildum:

### Orkubúskapardeild

sem fæst við söfnun gagna um orkumál, úrvinnslu úr þeim og útgáfu. Hún annast líka rannsóknir varðandi orkubúskap þjóðarinnar, þ.e. orkunotkun og samhengi hennar við orsakir sínar og áhrifavalda, og (í samvinnu við aðra) við orkuspár og gerð yfirlitsáætlana í orkumálum.

### Vatnsorkudeild

sem fæst við rannsóknir á vatnsorku landsins, þar á meðal á rennsli fallvatna, aðstæðum til virkjunar á hentugum stöðum, möguleikum til vatnsmiðlunar og jarðfræðilegum aðstæðum fyrir stíflur, skurði, göng og stöðvarhús ofanjarðar og neðan. Ennfremur rannsóknir er lúta að rekstri vatnsorkuvera.

### Jarðhitadeild

sem annast rannsóknir á eðli jarðhitans og á jarðhitasvæðum; aðstæðum til að vinna hann og tækninni við það, þar á meðal bortækni; nýtingarmöguleikum jarðhitans og viðbrögðum jarðhitasvæða við vinnslu. Ennfremur rannsóknir á áhrifum jarðhitavökvans (vatns og blöndu af vatni og gufu) á vinnslumannvirki, leiðslur, notendatækni og umhverfið.

### Stjórnsýsludeild

sem annast bókhald og fjárreiður, rekstur skrifstofu, teiknistofu, bókasafns og tölvu, svo og starfsmannahald.

Hér fer á eftir lýsing á starfseminni á hverri þessara deilda um sig.



**ORKUSTOFNUN**  
National Energy Authority  
Grensásvegji 9, 108 Reykjavík

## Ársskýrsla 1993

### Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns .....	1
Yfirlit orkumálastjóra yfir íslensk orkumál 1993 .....	3
Starfsemi Orkustofnunar 1993 ...	6
Orkubúskaparrannsóknir .....	7
Vatnsorkurannsóknir .....	8
Jarðhitarannsóknir .....	12
Ferðir erlendis .....	19
Stjórnsýsla .....	20
Reikningar Orkustofnunar 1993 .	21
Skýrslur og greinar .....	22
Summary of Activities .....	25
Starfsmannafélag Orkustofnunar .....	28

Myndir á kápu/Cover photo:

Starfsmaður Orkustofnunar að taka gassýni í Hveradal í Kverkfjöllum í ágúst 1993. Verkið er liður í könnun á umhverfisáhrifum jarðhita. Ljós. Helgi Torfason.

*Gas sampling in the Kverkfjöll geothermal area at the northern edge of the Vatnajökull ice cap. This is a part of research project to assess the environmental impact of geothermal utilization.*

Ritnefnd:

Páll Ingólfsson  
Birgir Jónsson  
Ragna Karlsdóttir

Hönnun:

Helga B. Sveinbjörnsdóttir

Prentvinnsla:

Prentsmiðjan Oddi hf.



Helstu verkefni á sviði orkubúskapar eru:

- Að safna gögnum um orkuvinnslu, orkunotkun, inn- og útlutning orku svo og orkuverð, og gefa út skýrslur um það efni.
- Að fylgjast með þróun orkuverðs og gjaldskrár orkuveitna.
- Að veita innlendum og erlendum aðilum upplýsingar um orkumál.
- Að vinna að langtímaáætlunum um uppbyggingu orkukerfisins, m.a. að spá um orkunotkun þjóðarinnar.
- Að stuðla að hagkvæmri orkunýtingu hér á landi.

## Gagnasöfnun – upplýsingamiðlun

Safnað er göngum um flesta þætti orkumála, svo sem um framleiðslu, innflutning, notkun og verð á orku og um vissa þætti í rekstri orkumannvirkja.

Gagnaúrvinnsla hefur verið með svipuðum hætti og undanfarin ár og vísast til umfjöllunar í yfirliti orkumálastjóra í því sambandi. Lagðar voru fram upplýsingar um orkumál á fundum orkuvættisambandanna.

Reglulega eru upplýsingar um orkunotkun og orkuvinnslu sendar ýmsum fjölbjóðlegum samtökum svo sem NORDEL, Sameinuðu þjóðunum (UN), Efnahags- og þróunarstofnun Evrópu (OECD) og Alþjóðlegu orkumálaráðstefnunni (WEC). Ennfremur er sinnt margvíslegum óskum, frá þessum aðilum og fleirum, um upplýsingar vegna athugana á einstökum þáttum orkumála. Í því sambandi má nefna ýmsar skýrslur Norrænu ráðherranefndarinnar um orkumál.

## Orkuspár

Meginverkefnið á þessu sviði var vinna fyrir Orkuspárnefnd. Að nefndinni standa Hagstofa Íslands, Hitaveita Reykjavíkur, Landsvirkjun, Orkustofnun, Rafmagnsveita Reykjavíkur, Rafmagnsveitur ríkisins, Samband íslenskra hitaveitna, Samband íslenskra rafveitna og Þjóðhagsstofnun.

Á vegum Orkuspárnefndar starfa þrjú vinnuhópar: raforkuhópur, jarðvarmahópur og eldsneytishópur. Hóparnir annast undirbúning orkuspár hver á sínu sviði, en nefndin skilgreinir grunnforsendur sem ganga inn í spánnar, leggur meginlínur varðandi vinnu hópanna og samræmir hana. Hóparnir hafa fengið fjölmarga aðila til að koma á fundi sína og veita upplýsingar um ýmsa þætti er tengjast gerð spánna.

Á árinu kom út endurreiknuð raforkuspá. Vinnslu efnis og frágang texta annaðist Jón Viljámsson, verkfræðistofunni Afl hf.

Unnið er að nýrri jarðvarmaspá.


## Orkukerfi

Á árinu 1988 settu Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun, Orkubú Vestfjarða, Rafmagnsveita Reykjavíkur og Rafmagnsveitur ríkisins á fót starfshóp um rekstrartruflanir í raforkukerfinu. Verkfræðistofan Afl hefur annast ráð-

gjöf fyrir hópinn. Í lok árs 1988 var Orkustofnun boðin aðild að hópnum með það í huga að stofnunin tæki að sér að safna saman gögnum um truflanir frá öllum raforkufyrirtækjum landsins og að vinna úr gögnunum yfirlit um truflanir fyrir landið. Orkustofnun tók verkefnið formlega að sér á árinu 1990. Á því ári endurskoðaði starfshópurinn leiðbeiningar um skýrslugerð við rekstrartruflanir og eyðublið til skráningar á truflunum í ljósi reynslu fyrirtækjanna af skráningunni síðustu misserin. Jafnframt var hannaður hugbúnaður fyrir bilanaskráninguna og úrvinnslu gagna og er verið að setja hann upp hjá rafveitum og Orkustofnun. Starfshópurinn er aðili að norrænni athugun þar sem á að meta kostnað vegna skorts.

## Önnur verkefni

Orkubúspardeild tók þátt þátt í samstarfi undirnefnda Norrænu ráðherranefndarinnar (orkuráðherrar) og deildin leggur Orkuráði til ritara.



Landsframleiðsla á mann í OECD ríkjunum árið 1990 í hlutfalli við framleiðslu Bandaríkjanna ásamt aukningu á tímabilinu 1980-1990. Heimild: Orkuspárnefnd 1992/ OECD 1991. Gross domestic product per person of the OECD countries in the year 1990 relative to that of the USA together with the increase in GDP over the period 1980-90.

## VATNSORKURANNSÓKNIR

Eitt meginhlutverk Orkustofnunar samkvæmt orkulögum er að framkvæma og samræma rannsóknir á orkulindum landsins, eiginleikum þeirra og nýtingarmöguleikum. Þáttur Orkustofnunar í rannsóknum á vatnsorku og virkjun hennar er þannig fyrst og fremst í því fölginn að gefa ábyggilegt yfirlit um

hvar hagkvæmt er að virkja. Þessar upplýsingar eru síðan grundvöllur stjórnvalda og virkjunaraðila við mat á því hvaða virkjunarkostir henti best til þess að fullnægja ýmiskonar sviðsýnum um mögulegan markað fyrir orkuna. Af því leiðir að Orkustofnun þarf að kanna virkjunarmöguleika sem

gætu komið til framkvæmda eftir 10-20 ár eða í enn fjarlægari framtíð. Skammtímasjónarmið vegna tíma-bundinna erfiðleika í sölu orku mega því ekki ráða ferðinni. Í þeim undirbúningsrannsóknum sem eru nauðsynlegur undanfari virkjunar þarf að byggja á nákvæmum landslagskortum, vitneskju um rennsli og rennsliseiginleika vatnsfalla, þekkingu á jarðfræði og umhverfismálum. Af þessum grundvallarupplýsingum hefur rennsli vatnsfalla þá sérstöðu að vera breytilegt milli ára. Sá breytileiki ákvarðar mögulega orkuvinnslu virkjana og því er nauðsynlegt að mælingar á rennsli nái yfir sem lengstan tíma.



Kortlagning berglaga á mögulegri jarðgangaleið í u.þ.b. 700 m y.s. austan Austurdals, vegna virkjunar Austari Jökulsár í Skagafirði. Efst á myndinni er basaltlag, síðan þunnt, rautt sandsteinsmillilag og þar undir þykkt, ljóst setbergslag úr samlímdri líparítösku. Ljós. Birgir Jónsson.

*Geological mapping on a possible tunnel route in the Skagafjörður region, North Iceland.*

### Virkjunaráætlanir

Árið 1993 var áfram unnið eftir áætlun um „átak í vatnsorkurannsóknunum“, en það miðast við tímanlegan undirbúning virkjana, þannig að unnt sé að uppfylla vonir um nýja uppbyggingu á raforkusviðinu á næstu tveimur áratugum. Í henni felst: bygging tveggja til þriggja 200 þús. tonna álvera, hinu fyrsta í notkun um aldamót, og lagningu tveggja 550 MW sæstrengja á öðrum áratugi næstu aldar. Samtals gerir þessi uppbygging ráð fyrir nýjum virkjunum með um 16.000 GWh ársorkugetu. Um fjórðung þessarar orku má fá úr virkjunarkostum þar sem lítið þarf til að hægt sé að taka ákvörðun um virkjun eða eru tilbúnir til virkjunar. Átakið hefur náð til virkjunarkosta með um 14.000 GWh ársorkugetu.

### Rannsóknir einstakra virkjunarsvæða

**Efri Þjórsá:** Orkustofnun kynnti nýja tilhögun á eldri hugmynd um virkjun Efri Þjórsár með veitu eða dælingu um jarðgöng til Þórisvatns. Viðbótarmiðlun fengist með nýju lóni í Köldukvísl við Syðri Hágöngur og meiri niðurdretti í Þórisvatni með breyttri tilhögun Vatnsfellsvirkjunar. Landsvirkjun hefur haft svipaða tilhögun til athugunar á síðastliðnu ári.

**Hraunavirkjun:** Í kjölfar lauslegrar forathugunar var gerð kerfisgreining á virkjanlegu vatni á grundvelli tveggja ára mælinga á Hraunahálendi milli Eyjabakka og Suðurfjarða með sam-anburði við lengri rennslisraðir í 5 ám á láglandi. Niðurstöður staðfestu í meginatriðum fyrri áætlun um orkugetu, en benda til að þörf á miðlun á Eyjabökkum hafi verið lítillega ofmetin. Vegna frestunar á byggingu álvers

verður aukin áhersla lögð á hugmyndir um að sameina Fljótsdalsvirkjun og Hraunavirkjun.

Vegna veðurlags varð að ráði að fresta jarðfræðirannsókn um eitt ár, og af sömu sökum varð ekki náð eins langt í umhverfisrannsókn og að var stefnt, en unnið var að gróðurkortu á austurhluta svæðisins og náttúrafarsúttekt á Kelduárlónstæði. Í tengslum við jöklamælingaferðir voru nokkur vötn á Hraunasvæðinu dýptarmæld í gegnum ís.

Gert er ráð fyrir að forathugun verði að mestu lokið fyrri hluta árs 1995.

**Virkjun Jökulsáanna í Skagafirði:** Til er forathugun á virkjun Austari Jökulsá frá Austurbug með veitu að Stafsvötnum og virkjun niður í Vesturdal (um 800 GWh/ári). Þá tilhögun þarf að endurskoða m.t.t. jarðaganga í stað skurða og hugsanlegrar stækkunar. Ný virkjunarhugmynd í stað þeirrar byggist á göngum frá Austurbug út Nýjabæjarfjall, með veitunntökum úr þverám sem falla til árinna í Austurdal, niður að fyrirhuguðu inntakslóni Villanganessvirkjunar (um 1200 GWh/ári, skv. mjög lauslegri athugun). Það stuðlar mjög að hagkvæmni hennar, að meginuppkomustaðir þveranna eru ofan u.þ.b. 700 m y.s. Á árinu var að mestu lokið við yfirlitsjarðfræðikortlagningu af gangaleiðinni sem er um 40 km. Kortlagning þessi tengist eldri jarðfræðikortum Orkustofnunar. Teiknun staðfræðikorta í mælikvarða 1:25.000 var undirbúin og unnið að rennismælingum í þveránum.

Ennfremur er hugmynd að stækkun Villanganessvirkjunar í athugun, þar sem gert er ráð fyrir að ná meira falli með því að leiða frárennsli í jarðgöngum undir Norðurárdal og út með Blönduhlíð. Dýpi á jarðgangaleið þvert á mynni Norðurárdals var mælt með bylgjubrotsmælingum, og virðist berggrunnur þar vera á heppilegu dýpi fyrir jarðgöng.

**Austurlandsvirkjun:** Áfram var unnið að mati á mögulegum virkjunarleiðum. Landsvirkjun hefur með höndum virkjunaráætlanir og rannsóknir vegna mannvirkjagerðar, en athuganir á umhverfisáhrifum eru unnar í samvinnu Landsvirkjunar og Orkustofnunar. Orkustofnun lauk mati á áhrifum virkjana á strendur við ósa Jökulsáanna, sem falla til Óxarfjarðar og Héraðsflóa. Einnig var safnað ljósmyndum af Dettifossi við mismunandi rennsli. Á vegum Landsvirkjunar voru burðarsvæði hreindýra við Jökulsá á Dal ljósmynduð og dýrin talin og unnið var að gróð-

urfarsrannsókn um í Arnardal, austan Jökulsár á Fjöllum. Hafist var handa við að undirbúa kynningu á þessum virkjunarmöguleikum. Haldið var áfram berggrunnskortlagningu Fjallgarða vegna jarðganga úr Arnardal. Fyrir Landsvirkjun var unnið að könnun lausra jarðlaga m.t.t. stíflugerðar í Arnardal og í Jökulsá á Dal við Dimmugljúfur.

**Vestfjarðavirkjanir:** Forathugun á virkjun afrennslis af Glámuhálendi til einnar virkjunar var lokið á árinu, og er sú leið mun hagkvæmari en virkjun í dreifðum smávirkjunum, en hinsvegar of stór fyrir veitusvæði Orkubús Vestfjarða.

**Síðuvötn:** Vatnasvæðið milli Mýrdalsjökuls og Vatnajökuls býr yfir mikilli vatnsorku sem enn er lítið könnuð. Unnið var að því að styrkja vatnamælingakerfið með nýjum vatnshæðarmæli í Ása-Eldvatni og sjálfvirkri veðurstöð á hálendinu milli Skaftár og Hverfisfljóts við Laufbala.

**Yfirlit um virkjanir:** Byrjað var að skoða möguleika á að virkja í Efri Hvítá ofan Gullfoss án þess að hækka vatnsborð í Hvítárvatni til vatnsmiðlunar. Þetta markmið næst að hluta með miðlun og virkjun í Jökulfalli, og vonandi að hluta með niðurdrætti í Hvítárvatni.

Í töflu hér að neðan sést lauslega áætlaður stofnkostnaður á orkueiningu fyrir ofangreindar virkjunarhugmyndir og er Fljótsdalsvirkjun sýnd til samanburðar. Orkukostnaður er reiknaður með virkjanalíkani Orkustofnunar eða sambærilegum hætti, og miðaður við kostnað við stöðvarvegg, verðlag des. 1991.

Virkjun	kr/kWh/ári	GWh/ári
Efri Þjórsá		
Virkjun í eigin farvegi	16-17	1500
Veita til Þórisvatns	13-14	1750
Fljótsdalur		
Fljótsdalsvirkjun	15-16	1320
Hraunavirkjun	17-18	1950
Fljótsd.v./Hr.v. saman	13-14	3170
Jökulsár í Skagafirði		
Stafsvötn	19-20	740
Nýjabæjarvirkjun	17-18	1200
Villanganes, stækkun	18-19	600
Austurlandsvirkjun	13-14	8200
Jökulsá á Dal, sérstakl.	14	4000
Vestfirðir, Glámusvæði	21-22	450

## Landupplýsingakerfi

Á síðastliðnu ári keypti Orkustofnun landupplýsingakerfi af gerðinni Arc/Info, eftir að hafa haft það að láni til

reynslu um nokkura mánaða skeið. Kerfið er þegar komið í mikla notkun og hefur m.a. verið notað til jarðfræðikortagerðar, bæði vegna virkjunarhugmynda og einnig vegna söluverka. Kerfið hefur einnig verið notað til aðstoðar við vatnafarsgreiningar og til gerðar yfirlitskorta af virkjunarhugmyndum auk ýmissa annarra verkefna. Fyrirsjáanleg er mikil notkun á kerfinu á næstunni. Í tengslum við þetta sótti einn verkfræðingur Vatnsorkudeildar árlega ráðstefnu Arc/Info notenda í Bandaríkjunum til að reyna að fá leyst ýmis minniháttar vandamál sem komið hafa í ljós við notkun á kerfinu og skapa tengsl við aðra Arc/Info notendur sem eru að vinna að svipuðum úrlausnarefnum og Orkustofnun

## Vatnamælingar

**Nýir vatnshæðarmælur:** Settir voru upp vatnshæðarmælur í Ása-Eldvatni í Skaftártungu, Miðhlutará við Vestari Jökulsá upp af Skagafirði og Arnardalsá á Möðrudalsöræfum. Lokið var við uppsetningu á vatnshæðarmæli í útrennsli Hagavatns (Farinu) við Eini-fell. Reistur var rennismælingakláfur á Geitdalsá á Héraði. Sjálfvirk veðurstöð var sett upp á Síðuafretti norðan við Laufbala.


**Straumsjá, nýtt tæki:** Fyrrihluta ársins 1993 fjárfestu Vatnamælingar ásamt Landsvirkjun í BroadBand ADCP rennismæli (acoustic doppler current profiler), en mælitækið hefur fengið íslenska heitið „straumsjá“. RD Instruments, framleiðandi tækisins, hefur selt tæki til mælinga á hafstraumum í rúmlega tíu ár, en fyrir tveimur árum var byrjað að þróa mælitæknina þannig að hún hentaði til mælinga á ám. Tæknin byggir á hljóðbylgjum sem sendar eru af stað með þekktri tíðni og með því að nema endurkastið eða tíðnisvið endurkastans er hægt að ákvarða straumhraða og stefnu vatns (Doppler áhrif).

Hingað til hafa nær allar rennismælingar verið gerðar með skrufumælum, en sporefni hafa einnig verið notuð í litlum mæli. Þá þarf að vaða árnar eða nota bát, en við helstu vatnshæðarmæla eru þó strengjabrautir. Það er sameiginlegt fyrir allar þessar mælingar að þær eru tímafakkar, taka frá 1,5 til 3 klukkustundir hver. Oftast eru þessar mælingar kapphlaup við tímann, þar sem dægursveifla áanna stjórnar því hvenær hægt er að mæla. Erfitt hefur verið að ná flóðtoppum vegna þess hve stutta stund þeir vara.



Hið nýja vatnamælingatæki, straumsjá, var notað til dýptar- og straummælinga í útfalli Þingvallavatns í júní 1993. Á myndinni er búið að lyfta straumsjánni upp úr vatninu. Það sem þarf til mælinganna auk straumsjárinna er ferðatölva og 12 V rafhláða, auk báts og utanborðsmótors. Ljósm. Sigvaldi Árnason.

*The new discharge measuring device, i.e. an acoustic doppler current profiler, was bought and tested this year. Its use has already proved successful.*



Straumsjármæling í Þjórsá við Sandafell 14. júlí 1993, nálægt vatnshæðarmæli vhm 97. Myndin sýnir dýpi í metrum og straumhraða í litaskala frá 0 til 240 cm/s, þvert á ána. Alls voru mæld 70 snið og í sniði nr. 70 var halli straumsjárinna 1° miðað við lengdarás bátsins og -4° þvert á bátinn; stefnan er 151° og vatnshitinn er 8°C. Gefinn er upp hraði og stefna bátsins í síðasta sniði. Bein lína frá upphafi til loka mælingarinnar er 84,66 m, en vegalengdin sem báturinn hefur siglt er 91,24 m, svo að ekki hefur verið farið beint yfir ána. Mælingin hefur tekið 2 mínútur og 5,92 sekúndur og heildarrenslið var 400 m<sup>3</sup>/s.

*Instrument display showing the results of discharge measurement using acoustic doppler instrument.*

Við rennslismælingu með straumsjá þarf hins vegar aðeins að koma bátnum frá öðrum bakka árinna yfir á hinn og tekur það aðeins frá 1 til 3 mín., niðurstöðurnar birtast jafnóðum á tölvuskjá. Straumsjáin er í 60 cm löngum og 22 cm sverum hólki, sem tengdur er við 12 V rafhlöðu og PC tölvu og komið fyrir á báti, þannig að hann fari 20 cm undir vatnsyfirborð. Straumsjáin hefur eigið staðsetningarkerfi þannig að ekki þarf að hafa áhyggjur af að

fara beint yfir ána. Tækið finnur dýpi, straumhraða, straumstefnu og staðsetningu og getur þannig reiknað út rennslíð í hverju þversniði.

Straumsjáin hefur verið notuð með góðum árangri í Ölfusá, Þjórsá og Hvítá, og einnig var Hornarfjarðarós mældur í sumar. Þar komu kostir straumsjárinna einna best fram, því þar er þversniðið það breitt, að ógjörningur er að strengja vír yfir. Vegna


staðsetningarkerfisins er straumsjáin sömuleiðis ágætis dýptarmælir, og var Lagarfliót dýptarmælt með henni frá Egilsstöðum niður að Lagarfossvirkjun síðastliðið sumar.

**Nýtt gagnavinnslukerfi:** Unnið var að hönnun nýs gagnavinnslukerfis fyrir Vatnamælingar Orkustofnunar og Landsvirkjunar. Kerfið mun sjá um úrvinnslu og varðveislu vatnamælingagagna og afhendingu á unnum gögnum til notenda. Með nýja kerfinu verður úrvinnsla vatnamælinga á Orkustofnun og Landsvirkjun samræmd og komið upp samræmdu gagnasafni um vatnafræðilegar mælingar frá upphafi vatnamælinga á Íslandi. Á árinu 1994 verður unnið að forritun nýja kerfisins.

**Sjálfvirk hnitunarkerfi:** Á árinu var tekinn í reglubundna notkun sænskur búnaður til hnitunar á vatnshæðarmælablöðum og -rúllum Vatnamælinga. Hnitunarbúnaðurinn, sem nefnist SKUR, var settur upp á Orkustofnun árið 1992 og hafði verið í prófun og aðlögun í nokkurn tíma áður en hann var tekinn í fulla notkun. Hnitun með SKUR fer þannig fram að tekin er mynd af mælilaðinu með „video“-myndavél sem tengd er PC-tölvu og mæliferillinn er lesinn af myndinni með sérsökum myndgreiningarhugbúnaði. Hnitun með SKUR-kerfinu er margfalt hraðvirkari en handvirk hnitun á hnitaborði og skilar mun ítarlegri upplýsingum inn í úrvinnslu vatnamælinga. M.a. er nú á auðveldan hátt hægt að vinna með gögn sem sýna dægursveiflu í vatnshæð og rennslí með mikilli tímaupplausn, en áður var einungis hægt að vinna með dagsgildi vegna þess hve handvirk hnitun á hnitaborði var tafsöm.

## Landmælingar

Landmælingar OS tóku þátt í tilraunaverkefni um gerð staðfræðikorta, gróðurkorta og landfræðilegs upplýsingakerfis á vegum Umhverfisráðuneytis. Unnið var eins og árið á undan fyrir Landmælingar Íslands að undirbúningi fyrir mælingu 119 punkta grunnstöðvansnets með gervituglamælingum (GPS). Fóru þær mælingar fram í ágúst 1993. Gerðar voru skýrslur um fallmælingar Orkustofnunar og Vega-gerðar ríkisins frá Reykjavík á Selfoss 1992, um mælingar vegna kortagerðar á Nýjabæjarfjalli 1992 (myndað 1993) og um mælingar fyrir Hitaveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum 1993. Á Mývatni og á Kleifarvatni fóru fram vatnsborðsmælingar.



Norðurhluti Hvítárvatns. Í forgrunni er gróðurlendið í Hvítárnesi, sæluhús Ferðafélags Íslands er neðst á miðri mynd. Eiríksjökull blasir við yfir slakka í Langjökli. Skriðjökull kelfir út í vatnið og ísjakar hafa borist yfir að austurlandinu. Komið hefur fram hugmynd um að virkja rennslið í efsta hluta Hvítár án þess að hækka vatnsborð Hvítárvatns. Ljósmynd af Oddur Sigurðsson.

*The northern part of lake Hvítárvatn east of the Langjökull glacier. A possible storage reservoir for a proposed hydropower project in the Hvítá river.*

## Jarðfræðikortlagning

**Þjórsár/Tungnaársvæði.** Á Þjórsár/Tungnaársvæði var lokið handritum af berggrunns-, jarðgrunns- og vatnafarskortum á kortblaði Þjórsárver 1914 IV. Kortin eru gefin út í samvinnu Orkustofnunar, Landsvirkjunar og Landmælinga Íslands.

**Höfuðborgarsvæði.** Haldið var áfram jarðfræðikortlagningu höfuðborgarsvæðisins í mælikvarða 1:25.000 á vegum sveitarfélaga á svæðinu. Berggrunnskorti af kortblaði Elliðavatn 1613 III SV var lokið undir prentun. Jarðgrunnskort af sama blaði er unnið í Arc/Info-kerfi og hefur á Orkustofnun verið unnið að þróun tölvuvinnsluferfis, sem henti þessari kortlagningu. Kortlagning á svæðinu er unnin í samvinnu deilda Orkustofnunar og aðila utan hennar.

## Grunnvatnsrannsóknir

Kannað var grunnvatnsfar og lindasvæði í Fjallgördum, Brúardölum og Arnardal á virkjunarsvæði Austurlandsvirkjunar, í Austurdal í Skagafirði og á Síðuheiðum. Tekið var saman erindi um samband efnainnihalds grunnvatns og vatnajarðfræði á Íslandi, sem

var flutt á þingi Alþjóðasambands vatnajarðfræðinga að Ási í Noregi í júní.

## Þjónustuverkefni

**Vatnsöflun og vatnsvernd.** Unnið var víða að rannsóknum og ráðgjöf vegna vatnsverndar fyrir vatnsból, vatnsveitur og svæðaskipulag, en oftast í smáum stíl. Helstu staðir voru Blönduós, Sauðárkrúkur, Akureyri, Dalvík, Kópasker, Þórshöfn, Hveragerði og Þorlákshöfn. Á nokkrum þessara staða var einnig unnið vegna vatnsöflunar og vatnseftirlits, en einnig fyrir Hitaveitu og Vatnsveitu Suðurnesja.

**Eldhraunsvötn.** Hafnar voru rannsóknir á lindasvæðum undan hraununum í Landbroti og Meðallandi til að kanna uppruna lindavatnsins og meta áhrif á lindarennislið af breytingum á rennsli Skaftár, m.a. vegna fyrirhleðslna og vatnaveitinga. Verk þetta er unnið á vegum Vegagerðar ríkisins, Landgræðslu ríkisins og Skaftárhrepps og í samvinnu við heimamenn. Voru settir upp vatnshæðarskynjarar í Grenlæk, Landbroti og í Eldvatn, Meðallandi, ásamt því að eldri vatnshæðarmælir í Tungulæk, Landbroti var endurvakinn. Rennislismælt var í helstu lindaám, fylgst er með hita og öðrum

ástandsþáttum í völdum lindum og vatnsföllum og tekin eru sýni til efnagreiningar. Talið er, að vatn í Skaftá sé auðugt að sulfati, a.m.k. að ársmeðaltali, en snauð að klóríði. Því sé öfugt farið með úrkomu á hraunin og því megi greina að þessa mismunandi upprunabætti vatnsins og hlutföll þeirra.

**Jarðfræði og mannvirkjagerð.** Unnið var að byggingarefnisrannsóknum við Dimmugljúfur og við Arnardal fyrir Landsvirkjun. Ráðgjöf var veitt Vita- og Hafnamálastofnun vegna styrkingar Kolbeinseyjar, auk þess sem öðrum smærri verkefnum var sinnt. Ýmis smáverkefni í sambandi við könnun á aðstæðum fyrir hönnun ýmis konar mannvirkja voru unnin fyrir Reykjavíkurborg, önnur sveitarfélög og verkfræðistofur.

**Vatnamælingar.** Settur var upp vatnshæðarskynjari í Köldukvísl á Tjörnesi fyrir Húsavíkurbæ. Vatnsborðsmælingar fyrir Hitaveitu og Vatnsveitu Suðurnesja voru með sama sniði og áður. Rekinn var áfram vatnshæðarskynjari í Jökulsárlóni á Breiðamerkursandi fyrir Vegagerð ríkisins, einnig kom út skýrsla um flóð þrettán vatnsfalla. Arc/Info landupplýsingakerfið var notað við að athuga landbrot á Heimaey fyrir Hafnamálastofnun.

### Vinnslueftirlit

Sífelld fleiri hitaveitur hafa samvinnu við Orkustofnun um eftirlit með vinnslu úr jarðhitasvæðum. Meginhlutverk stofnunarinnar í þeirri samvinnu er reglubundið eftirlit með efnajafnvægi heita vatnsins, mælingar á afköstum borholna og aðstoð við val á mæli- og tölvubúnaði til sjálfvirkra gagnaskráningar. Hannaður hefur verið ódýr búnaður til sjálfvirkra skráningar á vinnslugögnum fyrir hitaveitur og sam-in forrit til móttöku og úrvinnslu gagnanna. Á árinu var unnið að uppsetningu og aðlögun gagnasöfnunarstöðva fyrir hitaveiturnar á Seltjarnarnesi, Blönduósi, Akranesi og Borgarnesi og á Húsavík. Áður höfðu verið settar upp stöðvar hjá hitaveitum Þorlákshafnar, Rangæinga og Skeiða. Gagnasöfnunarkerfið, sem hannað var á árunum

1990 og 1991, var prófað í tilraunastöðvum hjá hitaveitum Rangæinga og Skeiða um tveggja ára skeið. Þær stöðvar eru nú í venjulegum rekstri og reknar á kostnað hitaveitnanna sjálfra. Unnið var að undirbúningi að nokkrum öðrum stöðvum, sem áætlað er að setja upp hjá hitaveitum á árinu 1994. Einnig var unnið að gerð forrita til móttöku og úrvinnslu gagnanna.

Reglubundið vinnslueftirlit fór fram í samvinnu við hitaveitur og aðra jarðhitanotendur. Fylgst er reglulega með hita og þrýstingi í borholum, svo og með efnasamsetningu borholuvökva og massatöku úr hverju jarðhitasvæði. Þessar upplýsingar eru notaðar til þess að segja fyrir um viðbrögð jarðhitasvæða og taka ákvarðanir um tilhögun vinnslu úr svæðunum. Orkustofnun sér um vinnslueftirlit fyrir hitaveitur á Blönduósi, Sauðárkróki,

Ólafsfirði, Dalvík, Akureyri, Siglufirði, Egilsstöðum og Fellum, Selfossi, Rangárvöllum, Þorlákshöfn og Seltjarnarnesi. Á árinu fór fram hefðbundið eftirlit fyrir Hitaveitu Suðurnesja með vinnslu úr háhitasvæðunum í Svartsengi, Eldvörpum og Reykjanesi. Einnig var fylgst með afköstum og hitaástandi vinnslusvæða Landsvirkjunar í Kröflu og vinnslusvæði Hitaveitu Reykjavíkur á Nesjavöllum.

Efnarannsóknastofan var rekin með svipuðu sniði árið 1993 og verið hefur undanfarin ár. Vegna manneklu söfnuðust þó fyrir óleyst verkefni, sem bíða úrlausnar á næsta ári. Á árinu voru skráð um 410 sýni til greininga á heitu og köldu vatni. Auk þess voru gerðar efnagreiningar í tengslum við þróunavinnu og mælingar á gasi í andrúmslofti og er það liður í samvinnuverki um umhverfisáhrif jarðhitavinnslu. Greind voru um 20 sýni af útfellingum af ýmsu tagi. Unnið var að þróun aferða til greininga á þungmálmum og drögum að gæðahandbók. Einnig var unnið að því að þróa aðferðir til mælinga á gasi í andrúmslofti vegna umhverfisrannsókna.



Jarðfræðikortlagning á Torfajökulssvæðinu, sem talið er eitt af stærstu jarðhitasvæðum landsins, er liður í rannsókn á háhitasvæðum. Myndin er tekin við Rauðfossa. Taka mun nokkur ár að ljúka yfirborðsrannsókn á þessu svæði. Ljós. Guðmundur Ó. Friðleifsson.


*Geological mapping of the Torfajökull high-temperature geothermal area, South Central Iceland is now under way. Photograph taken at Rauðfossar waterfall.*

Á haustdögum var farin sýnatökuferð norður og austur um land til þess að sinna efnaeftirliti fyrir hitaveitur.

## Rannsóknir á háhitasvæðum

**Rannsókn háhitasvæða vegna raforkuvinnslu.** Samstarfsaðilar að þessu verki eru Hitaveita Reykjavíkur, Hitaveita Suðurnesja, Landsvirkjun og Orkustofnun. Verkinu var skipt niður í undirverk eða verkþætti og hefur Hitaveita Akureyrar einnig tekið þátt í ein- um þeirra. Verkþættirnir eru þessir:

- Almenn. Þessi verkþáttur tekur til almennra atriða eins og skilgreiningar á verki, samskipta við samstarfsaðila og samræmingu rannsókna.
- Frumrannsókn í Brennisteinsfjöllum. Gerðar voru 22 TEM-mælingar á árinu, og er viðnámsmælingum á þessu svæði þar með lokið. Niðurstöður benda til að flatarmál jarðhitasvæðisins geti verið 15-20 km<sup>2</sup>, en það er mun stærra heldur en áður var talið. Háhiti hefur verið þekktur í Brennisteinsfjöllum um aldir, en engar rannsóknir hafa verið gerðar þar vegna þess að menn gerðu ráð fyrir að um lítið jarðhitasvæði væri að ræða. Þessi mynd hefur nú breyst og virðist liggja fyrir að í næsta nágrenni höfuðborgarinnar sé álitlegt háhitasvæði.
- Yfirborðsrannsóknir á Torfajökulsvæði. Gerðar voru 21 TEM-mælingar á árinu og haldið áfram við jarðfræðikortlagningu svæðisins. Augljóst er að nokkur ár mun taka að ljúka yfirborðsrannsóknum á þessu svæði.
- Yfirborðsrannsóknir á Ölkelduhálsi. Lokaskýrsla um yfirborðsrannsóknir kom út á árinu. Rannsóknarholu var jafnframt valinn staður og er borun hennar næsta skref í rannsóknum á svæðinu.
- Hagkvæmniathugun í Bjarnarflagi. Verkið er unnið í tveimur áföngum og var seinni áfanginn unninn á árinu 1993. Hann fólst í því að öll fyrirbyggjandi jarðhitagögn voru endurskoðuð og forsendur virkjunar endurmetnar. TEM-mælingar frá 1993 svo og eldri viðnámsmælingar voru túlkaðar, hita- og þrýstíástand jarðhitakerfisins kannað, ummyndun skoðuð og gerð efnafræðiúttekt á jarðhitakerfinu. Í lokaskýrslu, sem kemur út fyrri hluta árs 1994, verður



Jarðhitalíkan af Námafjallssvæðinu. Athugun á hagkvæmni jarðgufuvirkjunar í Bjarnarflagi sýnir að þar er um hagkvæman virkjunarkost að ræða. Líkanið er byggt á niðurstöðum viðnámsmælinga, ummyndunar í borholum og áætluðum berghita. Heimild: Ásgrímur Guðmundsson 1993.

*Geothermal model of the Námafjall high-temperature field, North East Iceland.*

einnig lagt mat á hvaða þættir hafa mest áhrif á orkuverð frá jarðgufustöðvum og athugaður kostnaður við mismunandi rekstrarfyrirkomulag virkjunar. Niðurstöður úr þessum verkþætti sýna að Bjarnarflagsvirkjun er einn hagkvæmasti virkjunarkostur á Íslandi. Framleiðslukostnaður raforku í Bjarnarflagi er áætlaður 1,23 kr/kWh.

- Forðafræðistuðlar. Með þessum verkþætti er stefnir að því að koma upp gagnabanka um forðafræðistuðla í íslensku bergi, en „forðafræðistuðlar“ er samheiti yfir þá eig-

inleika bergsins sem hafa áhrif á forðafræði jarðhitans (lekt, poruhluti, eðlisþyngd, varmaleiðni, berggerð, efnasamsetning, ummyndun o.s.frv.). Á árinu var safnað um 200 bergsýnum úr rofnum megineldstöðvum og fara mælingar og greiningar á þessum sýnum fram erlendis, en aðstaða til slíks er ekki fyrir hendi í landinu. Þetta er langtíma verkefni og má búast við að nokkur ár líði þar til hægt verður að fá fram tölfræðilegt samband milli forðafræðistuðla.

- Kjarnataka. Stefnir er að því að taka kjarna í sem flestum háhitaholum.



Sprengingar í tengslum við VSP-mælingar í Eyjafirði. Með þessum mælingum fást nákvæmar upplýsingar um hljóðhraða jarðlaga sem síðan má umreikna í poruhluta. Ljós. Ólafur G. Flóvenz.

*A study of the porosity of rocks in the Eyjafjörður region, North Iceland.*

- Áhrif niðurdælingar á vinnslutillhögun. Í þessum verkþætti er stefnt að því að gera fræðilega athugun á staðsetningu niðurdælingaholna á háhitasvæðum. Gert er ráð fyrir að setja upp einföld líkön og herma viðbrögð kerfanna við mismunandi dreifingu á niðurdælingaholum. Byrjað var að vinna að þessum verkþætti seint á árinu 1993, en búast má við að verkið taki 1-2 ár.
- VSP-forðafræðistuðlar. Þessi verkþáttur beinist að því að ákvarða poruhluta jarðhitakerfa, en vinnslugeta jarðhitakerfanna er m.a. háð þessum stuðli. Auk Orkustofnunar eru Hitaveita Akureyrar og Háskólinn í Osló þátttakendur í þessum verkþætti. Háskólinn í Osló lagði til sérstakt borholumælitæki sem gerir kleyft að framkvæma lóðréttar hljóðhraðamælingar í borholu (VSP = Vertical Seismic Profiling). Með þessum mælingum fást nákvæmar upplýsingar um hljóðhraða jarðlaga sem síðan má umreikna í poruhluta. Jafnframt koma fram endurköst frá jarðlagamótum í grennd við og neðan holunnar. Þannig fást upplýsingar um skipan jarðlaga. Gerðar voru VSP-mælingar í tveim holum á Laugalandi í Eyjafirði og í holu við Nauthólsvík í Reykjavík. Unnið verður úr mæligögnum á árinu 1994, og mun þá koma í ljós hversu vel þessi aðferð nýtist við ákvörðun á meðalporuhluta jarðhitakerfa.

- Auk þeirra verkþátta, sem taldir eru hér að framan, var unnið við ýmsar aðrar rannsóknir á háhitasvæðum.

**Krafla.** Lokið var við skýrslugerð um upphitun, upphleypingu og blástur holu KG-26. Borun holunnar lauk í lok árs 1991 og örvunaraðgerðum um mitt sumar 1992. Holan fór í blástur í lok júní sama ár og var látin blása í hálfan mánuð, en vegna sorta í þéttvatni var holan kæfð og dælt á hana köldu vatni. Þar sem ekkert lá á að koma holunni í notkun þá var ákveðið að nota hana tímabundið fyrir niðurdælingarholu.

Í apríl var suðausturhorn öskjufyllingarinnar og svæðið milli Leirhnjúks og Hvíthólaklifs viðnámsmælt með TEM-aðferð. Þar með er lokið viðnámsmælingum á austurhluta Kröflusvæðisins. Úrvinnsla og samanburður við eldri mælingar hófst á haustmánuðum og var ekki lokið um áramót, en mjög áhugaverðar niðurstöður lágu fyrir. Þar ber helst að nefna álitlegt vinnslusvæði á sunnanverðu Sandabotnafjalli



Unnið við TEM viðnámsmælingar á snævipakinni jörð á Torfajökullssvæðinu í maí 1993. Við slíkar aðstaðna námsmæla á svæðum sem eru óaðgengileg þegar jörð er auð. Ljós. Knútur Árnason.

*TEM resistivity survey on snow in the Torfajökull geothermal area, South Central Iceland, in May 1993.*

vestan Hrafninnuhryggjar og í austanverðu Sandabotnaskarði, við Leirhól og austur með öskjubrotinu.

Eftirlitsmælingar voru gerðar í Kröflu eins og undanfarin ár og hefur vatnsstaða á svæðinu ekki mælst eins há frá upphafi nýtingar. Í nóvemberbyrjun var hola AB-2 í Búrfellshrauni hreinsuð. Hún er 67 m djúp og var tilgangurinn með borun hennar að fylgjast með hvort affallsvatn Kröfluvirkjunar hefði einhver áhrif á grunnvatnið í næsta nágrenni. Síðastliðið sumar kom í ljós að holan var stífluð við vatnsborð rétt neða 50 m dýpis og því ónothæf til upphaflegs brúks.

**Svartsengi-Reykjanes.** Óvenju mikið var unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja á árinu. Í upphafi árs lauk vinnu samfara borun nýrrar vinnsluholu í gufupúðann í Svartsengi. Einnig lauk tilraun sem gerð var á magnésíumslíkat útfellingum í hitveituvatninu en þær ágerast eftir því sem hitastig veituvatnisins er hærra. Ný vitneskja fékkst með þessum tilraunum (og fyrri tilraunum gerðum fyrir Hitaveitu Reykjavíkur) sem gera hitaveitunni kleift að halda útfel-

ingum í skefjum. Á árinu hófst niðurdæling þéttivatns frá orkuverinu í Svartsengi í jarðhitakerfið með nýuppsettum búnaði. Tilraunir verða gerðar samfara niðurdælingunni og í þeim tilgangi var gagnasófnunarbúnaður, sem þróaður hefur verið á Orkustofnun, tengdur holunni sem dælt er niður í. Á vegum Hitaveitu Suðurnesja og Vatnsveitu Suðurnesja var straumfræðilíkan af ferskvatnssvæðinu endurskoðað í ljósi nýrra mælinga. Niðurstaðan sýndi að enn er fjarri því að vatnstökusvæði veitnanna sé fullnýtt.

Í árslok var gerð tilraun til að gera við 25 ára gamla háhitaholu á Reykjanesi sem á árum áður var notuð við tilraunavinnslu Sjóefnavinnslunnar. Viðgerð tókst ekki og varð að fylla borholuna með steypu til öryggis. Vinnsluhola sem þjónar Íslenska saltfélaginu á Reykjanesi var hreinsuð með jarðbor eftir 10 ár samfellda notkun. Skilja varð hluta útfellinganna eftir þegar í ljós kom að leiðarinn í holunni var slitinn í sundur.

**Hengill-Nesjavellir-Hveragerði.** Útgáfa á jarðfræði- og jarðhitakortum af





æður er hægt að fara um vegleysur og úfin hraun og við-

1,5 milljónir kr. á hverja holu. Bilanir og viðhald á gömlum háhitaholum er að verða sífellt algengari. Þörf er betri búnaðar til að fást við þessi verk og einnig er nauðsynlegt að grennslast betur fyrir um orsakir bilana.

Jarðhiti innan bæjarmarka Hveragerðis var kortlagður nákvæmlega fyrir Hveragerðisbæ vegna nýs svæðis-skipulags sem unnið er að. Jarðvarmi sem grunnt er á hefur valdið skemmdum á húseignum og því var farið fram á kortlagningu hans.

## Umhverfisrannsóknir

Átaksverkefni um rannsóknir á umhverfisáhrifum jarðhita hófst með kynningu á ársfundi stofnunarinnar árið 1991. Í framhaldi af því var gerð úttekt á stöðu rannsókna á umhverfisáhrifum jarðhitavinnslu á Íslandi og metin rannsóknarþörf vegna umhverfispáttá í samvinnu við stærstu virkjunaraðila jarðhita á háhitasvæðum. Þessir aðilar eru Landsvirkjun vegna Kröfluvirkjunar og jarðhitasvæðisins í Námafjalli, Hitaveita Suðurnesja vegna jarðhitasvæðanna í Svartsengi, Eldvörpum og á Reykjanesi og Hitaveita Reykjavíkur vegna Nesjavallasvæðisins.

Skilgreint var samstarfsverkefni milli ofangreindra aðila um umhverfisrannsóknir á árinu 1992 og undirritaður um það rammasamningur í apríl 1992. Umhverfisráðuneytið tekur einnig þátt í samstarfinu og á fulltrúa í samstarfsnefnd aðilanna. Um er að ræða átaksverkefni til nokkurra ára og er tilgangur verkefnisins fyrst og fremst að gera úttekt á stöðu umhverfismála á þeim háhitasvæðum, sem þegar eru virkuð, og gera tillögur um eftirlit og rannsóknir tengdar umhverfismálum á þessum svæðum í framtíðinni. Jafnframt er tilgangur verkefnisins að vinna saman að rannsóknarverkefnum á sviði umhverfisáhrifa jarðhitanytingar, einkum verkefnum sem miða að því að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið. Ákveðið var að einbeita sér í fyrstu að rannsókn á slíkum áhrifum við vinnslu á háhitasvæðum, þar sem áhrif hennar eru meiri og augljósari en á lághitasvæðum. Fullur vilji er þó á því að efla rannsóknir á umhverfisáhrifum lághitavinnslu í framtíðinni.

Á árinu 1993 var gefin út framvindu-skýrsla um frumgerð umhverfisúttektar og mótun samvinnuverksins. Einnig var unnið að eftirtöldum verkefnum á sviði umhverfisáhrifa jarðhitanytingar:

- Mælingum á gasi í andrúmslofti á virkjuðum og óvirkjuðum jarðhitasvæðum
- Rannsókn á smáskjálftavirkni á jarðhitasvæðum
- Rannsókn á myndun og útbreiðslu gufupúða á virkjunarsvæðum
- Landmælingum og þyngdarmælingum á jarðhitasvæðum til að rannsaka áhrif massatöku
- Rannsóknum á grunnvatni
- Mati á breytingum á náttúrulegu gufustreymi
- Aðferðum til gaslosunar
- Niðurdælingu affallsvatns
- Athugun á erlendum reglugerðum um umhverfismál jarðhitavinnslu
- Þróun fjarkönnunaraðferða til umhverfisrannsókna

Gasmælingar á jarðhitasvæðum er einn stærsti verkþátturinn, sem unnið var að 1993, en rannsókn á smáskjálftavirkni og land- og þyngdarmælingar eru einnig veigamiklir þættir.

## Rannsóknir á lághitasvæðum

**Hitaveita Reykjavíkur.** Tvær holur á lághitasvæðum Hitaveitu Reykjavíkur voru endurfóðraðar á árinu og ein hola hreinsuð. Jarðhitadeild veitti ráðgjöf með borholumælingum og kortlagði ástand holna og mat hvaða aðgerða væri þörf við verkið. Gengið var frá jarðlagasniðum fyrir vinnslusvæði Hitaveitu Reykjavíkur á Norður-Reykjum og gengið frá yfirliti um allar þunnisneidar frá því svæði. Í nágrenni við vinnslusvæði hitaveitunnar voru boraðar átta hitastigulsholur og djúpri rannsóknarholur til þess að kanna betur útbreiðslu jarðhitakerfanna. Í 350 m djúpri holu sem boruð var á Geldinganesi fannst 100°C heit æð í botni, sem er að öllum líkindum í tengslum við Laugarnessvæðið. Hóla við Nauthólsvík var boruð í 1000 m djúpi og er hitastig í botni um 90°C. Komið hefur í ljós að hola sem boruð var á árinu 1992 á Fremra Hálsi í Kjós er í þrýstisambandi við vinnslusvæði Hitaveitu Reykjavíkur í Mosfellsbæ. Fremri Háls er í 16 km fjarlægð frá næstu borholum í Mosfellsbæ.

**Hitaveita Akureyrar.** Á árinu lauk yfirgripsmiklum rannsóknum á jarðhitasvæðinu á Laugalandi á Pelamörk. Þar var boruð vinnsluhóla árið 1992 sem bar ágætán árangur. Haustið 1992 hófst dæluþrófun í holunni sem stóð samfleytt fram í ágúst 1993. Síðustu 2 mánuðina var gerð tilraun með niðurdælingu í svæðið til að kanna

Hengilsvæði er komin á lokastig og mun verkinu ljúka á árinu 1994. Þessi kortagerð er unnin með Arc/Info upp-lysingakerfi.

Lokið var við nýtt reiknilíkan fyrir Nesjavelli. Verkið er unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur og fer öll túlkun gagna fram á Orkustofnun en reikningarnir sjálfir eru gerðir í Berkeley í Bandaríkjunum. Niðurstöður hermi-reikninga sýna að vinnslugeta Nesjavallasvæðisins er meiri en fyrri reikningar gáfu til kynna. Lokið var við skýrslu um upphleðslueiningar á jarðhitasvæðinu. Einnig var gengið frá lokaskýrslu um holu KHG-1 við Kolviðarhól. Fylgst er reglulega með hita og þrýstingi í þeirri holu.

Fyrsta háhitaholan í Hveragerði, sem boruð var í Ölfusdal með „Gufubornum“ árið 1958, gaf sig og tók gufu að streyma út um gat á holutoppi. Með því að steypa í holuna tókst að fyrirbyggja slyss og óheftan blástur holunnar. Enn eru nokkrar gamlar holur ríkisins í umsjá Orkustofnun sem þurfa á viðhaldi að halda eða fylla þarf af steypu, en það er aðgerð sem kostar



Frá Þeistareykjum. Mældur var styrkur og dreifing gasa í andrúmsloftið á háhitasvæðinu sem liður í rannsóknum á umhverfisáhrifum jarðhita. Á myndinni má sjá leirhveru og gufuaugu norðan í Bæjarfjalli, þar sem jarðhitavirkni er mest. Til vinstri er skáli gangnamanna og í baksýn er Ketilfjall. Ljóm. Magnús Á. Sigurgeirsson.

*Gas sampling in the Theistareykir geothermal field in North East Iceland to study the environmental impact of geothermal activity.*

hagkvæmni þess að skila aftur niður bakrásarvatni frá byggðinni við Laugaland. Sett voru kenniefni í vatnið sem dælt var niður og endurheimtur þess mældar. Unnið var úr öllum upplýsingum frá dæluprófuninni, gerðar vinnsluspár fyrir svæðið þar sem tekið var tillit til áhrifa niðurdælingar og hugsanlegrar kælingar svæðisins með tíma vegna hennar og náttúrulegs innrennslis kalds grunnvatns. Að lokum var metin hagkvæmni þess að leiða vatnið til Akureyrar. Áætlað orkuverð er lágt samanborið við aðra kosti hitaveitunnar til orkuöflunar. Áformað er að leggja aðveitu frá Þelamörk til Akureyrar á árinu 1994.

Vinnslueftirliti var sinnt með hefðbundnum hætti og því til viðbótar voru allar vinnsluspár endurskoðaðar í ljósi reynslu síðustu fimm ára og lagðar fram hugmyndir um hvernig mæta megi vaxandi orkupörf næstu 10-15 ára. Haldið var áfram forvinnu vegna vinnu við gerð forðafræðilíkans af jarðhitasvæðinu við Laugaland í Eyjafjarðarsveit. Segulmælingar voru túlkaðar

og gert kort af göngum og misgöngjum í nágrenni Laugalands. Á árinu voru boraðar 12 hitastigulsholur við Stokkahlöðir í Eyjafjarðarsveit. Verkið var upphaf leitar að uppstreymisrás Stokkahlöðalaugar en vonir eru bundnar við að þar megi fá viðbótarvatn fyrir hitaveituna í framtíðinni. Ennfremur var boruð ein hitastigulshola í landi Sigtúns í Eyjafjarðarsveit vegna jarðhitaleitar þar. Lokið var við skýrslu um tilraun til niðurdælingar í jarðhitasvæðið á Laugalandi í Eyjafirði. Niðurstöður lofa mjög góðu og benda sterklega til að auka megi orkuvinnslu og afl jarðhitasvæðisins með niðurdælingu á köldu vatni.

Gerð var úttekt á vinnslusvæði Hitaveitu Blönduóss að Reykjum við Reykjabraut og túlkaðar viðnámsniðsmælingar þaðan. Niðurstöður sýna að jarðhitasvæðið er í jafnvægi miðað við núverandi vinnslu og vonir standa til að fá megi heitara vatn úr uppstreymisrás sem fannst með viðnámsniðsmælingunum.

Lokið var við viðamikla skýrslu um jarðhitarannsóknir 1987-1992 og möguleika á frekari orkuöflun fyrir Hitaveitu Rangæinga.

Boraðar voru tvær hitastigulsholur fyrir Hitaveitu Seltjarnarness í því skyni að afmarka nákvæmar framtíðarvinnslusvæði og undirbúa staðsetningu vinnsluholu, sem áætlað er að bora á næstu árum.

Viðnámsniðsmælingar við Þorleifskot voru endurtúlkaðar með nýrri aðferðum fyrir Hitaveitu Selfoss og staðsettar nokkrar grunnar borholur til fekari rannsókna. Auk þess voru tvær djúpar vinnsluholur við Þorleifskot hitamældar.

Haldið var áfram rannsóknum á jarðhitasvæðum í Ólafsfirði.

Lokið var við úrvinnslu ferilprófunar milli tveggja borholna í Urriðavatni við Egilsstaði.

Viðamikil gagnasöfnun fór fram á eðli

lágheitans í Tálknafirði. Undanfarin ár hafa laxabændur í Tálknafirði borað tugi holna með góðum árangri. Sjálfrennsli er um 400 l/s af 4-45°C heitu vatni. Afráðið var að kanna sérstaklega eðli vatnskerfanna sem fæða borholurnar. Farnar voru tvær ferðir til hita- og jarðlagamælinga og til að fá nákvæma staðsetningu á þeim 70 holum sem eru í Tálknafirði. Eins var svari greint úr 15 holum og ummyndun könnuð. Fyrstu niðurstöður benda til þess að holur verði því gæfari sem vatnskerfin eru kaldari sem fæða þær.

Talsvert var unnið að jarðhitaleit fyrir starfandi hitaveitur og einkaaðila. Auk þeirra svæða sem eru talin hér að ofan eru nokkrir staðir í Hrunamannahreppi, Grímsnesi, allmargir í Borgarfirði, nokkrir í Reykhólahreppi og Kaldraneshreppi. Á sumum þessara staða var borað eftir heitu vatni, yfirleitt með góðum árangri.

## Þróun tækja, úrvinnslu- aðferða og hugbúnaðar

Nokkuð var unnið að þróun aðferða í jarðeðlisfræði, bæði þróun tækja og hugbúnaðar.

Lokið var við gerð nýrra viðnámsstækja fyrir viðnámsmælingar í borholum. Smíðuð voru tæki til varmaleiðnimælinga á bergsýnum í tengslum við rannsóknir á forðafræðistuðlum. Keyptur var nýr þrýstímælir til samfelldra þrýstímælinga í háhitaholum. Ekki reyndist hægt að reyna ágæti hans á árinu 1993. Undirbúningur er hafinn vegna endurnýjunar á mælingabíl til mælinga í háhitaholum.

Endurbætur voru gerðar á ýmsum forritum stofnunarinnar og þeim komið á notendavinarlegu formi í PC umhverfi, þannig að nota megi þessi forrit við kennslu í jarðhitaskólanum. Gerð voru forrit til úrvinnslu og túlkunar sporefnisprófana. Haldið var áfram vinnu við forritið TRECOVER sem reiknar fram ótruflaðan hita í borholum, en eldri forrit til þessara nota eru ekki mjög þægileg í notkun. Gerð voru forrit sem auðvelda úrvinnslu á niðurstöðum úr forritinu TOUGH og gerður forritapakki til notkunar við tímaraðir.

## Ýmis verkefni

Á fyrri hluta ársins tók Orkustofnun þátt í verkfni sem fólst í endurkastmælingum í Kröflu. Verkið var unnið í samvinnu við Háskóla Íslands og Há-

skólann í Bergen. Notuð voru tæki frá Bergen, og er hljóðmerkið framkallað með sérstökm hristaratrúkkum og endurköstun skráð á hlustunarkapal sem gerður er til nota á snjó. Tilgangur verksins var að rannsaka meinta kvikuþró undir Kröflu og kanna hvort jarðlög í gosbeltinu gæfu frá sér endurköst. Vísindasjóðir á Íslandi og Norgegi kostuðu drjúgan hluta verksins. Úrvinnsla stendur yfir.

Í framhaldi af mælingunum í Kröflu voru gerðar hliðstæðar endurkastmælingar í Öxarfirði til að mæla þykkt og innri gerð setlaganna þar. Verkið var unnið með sömu tækjum og með aðstoð Háskólanna í Bergen og Glasgow. Útlagður kostnaður við verkið var greiddur af sérfrjárveitingu frá Iðnaðar-ráðuneyti.

Í júnímánuði bauð Spölnur hf út rannsóknir vegna jarðgangagerðar undir Hvalfjörð. Um var að ræða bylgjubrots- og endurkastmælingar. Bauð Orkustofnun í verkið með Hafrannsóknastofnun sem undirvektaka. Þrátt fyrir að tilboð Orkustofnunar væri verulega lægra en tilboð frá norsku rannsóknarfyrirtæki ákvað stjórn Spalar að ganga til samninga við hið norska fyrirtæki um verkið. Var sú skýring gefin að hálfu ráðgjafa Spalar að hinn norski aðili gæti unnið verkið á mun skemmri tíma en Orkustofnun. Eftir umkvartanir Orkustofnunar vegna þessara viðskiptahátta var Orkustofnun falið að vinna endurkastmælingarnar sem undirvektaki hins norska fyrirtækis. Gengu þær mælingar vel og skilaði Orkustofnun sínum verkhluta á tilsettum tíma. Hvort þau tímamörk, sem rágjafi Spalar setti fram í útboðsgögnum, voru raunhæf skal ósagt, en það tók norska fyrirtækið mun lengri tíma að ljúka við sinn verkþátt en tilskilið var.

Í tengslum við mælingarnar í Hvalfirði voru gerðar endurkastmælingar í Reykjavíkurhöfn, Sundahöfn og Eiðisvík vegna fyrirhugaðra hafnarframkvæmda. Einnig var mælt í Eiðisvík, Elliðaárvogi og við Gunnunes vegna fyrirhugaðrar veglagningar.

Mæld var lekt í skáholu sem boruð var inn undir Hvalfjörðinn frá Hjarðarnesi og smíðuð til þess sérhæfð tæki.

Í tengslum við rannsóknir vegna skyndilegs leka sem fram kom við jarðgangagerð undir Breiðadalsheiði voru gerðar þyngdarmælingar til að freista þess að sjá með þeim stefnu sprungnanna sem veita vatninu niður í göngin.

Í Norðurárdal í Skagafirði voru gerðar bylgjubrotsmælingar til að kanna þykkt lausra jarðlaga á dalbotninum. Verkið tengist áformum um virkjun Jökulsár í Skagafirði.

Mældar voru allmargar TEM og MT viðnámsmælingar á Suðurlandi. Með MT-mælingum er unnt að mæla viðnámsniður á nokkurra tuga kílómetra dýpi. Tilgangur slíkra mælinga er að kanna dýpi á bráðið berg undir landinu og fá þar með upplýsingar um hitaástand jarðskorpunnar á þessum slóðum. Verkefnið er strykt af Vísindasjóði.

Farið var í árlega ferð út í Surtsey til þess að fylgjast með hitabreytingum í rannsóknarholu þar.


Lokaskýrslu var skilað til Málmíss hf um leit að eðalmálmum í rofnum háhitasvæðum og eldstöðvum á Suðvestur- og Austurlandi.

Á vegum Orkusparnefndar var safnað ítarlegri upplýsingum en áður um vinnslu og sölu á heitu vatni hjá hitaveitum og er nú unnið að úrvinnslu. Einnig hófst á vegum sömu aðila bein mæling orkunotkunar í gróðurhúsum. Tilgangur með þessari gagnasöfnun er að treysta forsendur orkuspáa.

Gengið var frá kafla um Jarðhitarannsóknir í Hitaveituhandbók Sambands íslenskra hitaveitna.

Unnið var allstórt söluverk við efnagreiningar á sýnum af heitu vatni og gasi frá Uganda samkvæmt samningi við Sameinuðu þjóðirnar.

Unnið var við úttekt á jarðhita á Mutn-



Sérfræðingur Jarðhitadeildar á Mutnovsky jarðhitasvæðinu á Kamtsjatka. Ljós. Sverrir Þórhallsson.

Orkustofnun expert on a visit to Kamchatka for geothermal consulting.



Nemendur Jarðhitaskólans árið 1993. Í ár voru þeir 14 eða fleiri en nokkru sinni áður. Ljós. Ljós. Ingvar Birgir Friðleifsson.  
*The international trainees attending the UNU Geothermal Training Programme 1993.*

ovsky jarðhitasvæðimu á Kamtsjatka. Þetta er erlent söluverk á könnu Virkis-Orkint.

Á árinu var gert nokkurt átak í túlkun þyngdarkortsins af Íslandi. Rússneskur jarðeðlisfræðingur, Mikhail Kaban, dvaldi á Orkustofnun um 2ja mánaða skeið og vann að verkinu í smavinnu við sérfræðinga á Orkustofnun og Frey Þórarinsson jarðeðlisfræðing.

Orkustofnun á fulltrúa í bortækninefnd alþjóðlegs rannsóknarverks á borun í hafsbotninn, Ocean Drilling Program (ODP). Í sumar voru holur boraðar 250 km fyrir norðan land og allt norður í Ís-haf og við Austur-Grænland á fögurra mánaða tímabili. Nefndarfundur var haldinn á Orkustofnun er skipið hafði hér viðdvöl í september og gafst starfsmönnum stofnunarinnar tækifæri á að skoða borskipið og rannsóknarstofur þess.

**Gagnavarsla.** Í gagnagrunni stofnunarinnar eru gögn um 5710 borholur. Á árinu voru gerðar 816 borholumælingar af ýmsu tagi og samanlögð lengd borholumælinga var 272.285 metrar. Allar borholumælingar eru nú settar jafnóðum inn í gagnagrunn. Unnið er

að því að koma fyrir hnitum á öllum borholum í gagnagrunni stofnunarinnar. Búið er að setja inn hnit fyrir um það bil 27% holnanna. Á árinu var einnig lokið við að breyta gömlum borholumælingum á hliðrænu formi í stafrænt form og koma mælingum þannig fyrir í gagnagrunni. Einnig var lokið við að fara yfir borholumælingar, sem geymdar voru á segulböndum, og setja þau gögn inn í gagnagrunninn. Á sama hátt voru gögn um jarðfræði, borhraða og fleiri upplýsingar um borholur unnin. Unnið var að því að koma bortæknilegum upplýsingum um borholur svo sem bordýpi og fóðringar inn í gagnagrunninn, ásamt því að yfirfara gögnin sem fyrir eru og bæta við þau. Á árinu fór einng fram viss undirbúningsvinna vegna efnafræðigagna og jarðeðlisfræðigagna.

### Jarðhitaskóli Háskóla Sameinuðu þjóðanna

Jarðhitaskólinn var settur í fimmtánda sinn 26. apríl 1993. Þetta árið voru nemendur fleiri en nokkru sinni fyrr. Þeir voru fjórtán og komu frá Kína (4),

Filippseyjum (3), El Salvador (2), Búlgaríu (1), Litháen (1), Kenya (1), Rúmeníu (1) og Úganda (1). Þrettán nemendur voru á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna en einn (frá Úganda) á vegum Prúnaraðstoðar Sameinuðu þjóðanna (UNDP). Auk þess var nemandi frá Filippseyjum í tveggja mánaða námi við skólann (júní og júlí) á vegum UNDP.

Skólustarfsemin var mjög blómleg á árinu. Kennslan var einkum í höndum sérfræðinga Jarðhitadeildar Orkustofnunar, en einnig sérfræðinga frá Háskóla Íslands og verkfræðistofum í Reykjavík. Árlegur gestafyrirlesari Jarðhitaskólans þetta árið var Sammy Sarmiento, yfirmaður forðafræðideildar hjá Olíufélagi Filippseyja. Hann var nemandi við Jarðhitaskólann árið 1980 en er nú einn helsti jarðhitasérfræðingur Filippseyja. Hann flutti fimm fyrirlestra um jarðhitamál á Filippseyjum. Fyrirlestrarnir eru gefnir út fjölritaðir.

Á fimmtán ára starfsferli skólans hafa 132 nemendur frá 26 löndum lokið sex mánaða námi við skólann. Auk þess hafa um fimmtíu manns komið í styttri heimsóknir og námsdvalir (2 vikur til 3 mánuðir) á vegum skólans. Flestir

nemendur hafa komið frá Kína (27), Filippseyjum (20) og Kenýa (19).

Á árinu var farið á vegum skólans til Alsír, Egyptalands, Filippseyja, Jórdaníu, Nepal og Póllands til að velja nemendur og heimsækja jarðhitastofnanir. Forstöðumaður Jarðhitaskólans flutti erindi á ráðstefnu um nýja og endurnýjanlega orkugjafa í aðalstöðvum UNESCO í París og á ráðstefnu um jarðhita og umhverfismál í Zakopane í Póllandi. Síðari ráðstefnan var haldin á vegum Evrópudeildar Alþjóðajarðhitasambandsins, en forstöðumaðurinn er formaður þeirrar deildar. Hann tók einnig þátt í fundi stjórnenda Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Helsinki í Finnlandi og stjórnarfundum Alþjóðajarðhitasambandsins í Bandaríkjunum og Nýja Sjálandi.

Jarðhitaskólinn er rekinn samkvæmt samningi milli Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókýó og Orkustofnunar f.h. íslenska ríkisins. Samstarfssamningurinn gildir til ársins 1996. Fjárfraamlög til Jarðhitaskólans árið 1993 komu frá íslenska ríkinu (79%), Háskóla Sameinuðu þjóðanna (17%) og Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna (4%).

Aðalstöðvar Háskóla Sameinuðu þjóðanna eru í Tókýó í Japan. Mestöll kennsla á vegum skólans fer fram í tengdastofnunum víða um heim. Jarðhitaskólinn sér um öll mál sem snerta jarðhita á vegum Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Orkustofnunar er eina tengdastofnun hans á Íslandi.

## Könnun orkulinda á hafsbotni

Samvinna hefur verið um árabíl milli Orkustofnunar og norsku Olíustofnunarinnar (oljedirektoratet) um könnun Jan Mayen-svæðisins vegna mögulegra kolvetnalinda. Gert var sameiginlegt átak á árinu til að kynna svæðið faglega á alþjóðlegum vetvangi, á ráðstefnu í Stavanger í Noregi. Svæði þetta býður upp á nokkra möguleika sem þyrfti að kanna með borunum, en eins og staðan er í orkumálum heimsins er ekki að búast við að svæðið komist strax á dagskrá hjá olíuleitaraðilum.

Unnið var að tölvuvinnsla og úrvinnsla gagna af landgrunni Íslands, og einkum af landgrunni Norðurlands. Þessar rannsóknir tengdust og könnun á olíugasi úr borholum í Óxarfirði. Ýmis gagnasafnsmál voru tekin til meðferðar.

## Ferðir á fundi og ráðstefnur erlendis um orkumál

Orkumálastjóri gegndi á árinu 1993 formennsku í svonefndri Orkurannsóknarnefnd, samnorrænni nefnd sem starfar á vegum Norræna ráðherraráðsins, Nordisk Ministerråd. Hann sótti því alla fjóra fundi nefndarinnar á árinu og að auki námsstefnu sem haldin var á vegum Norrænu embættismannanefndarinnar um orku- og atvinnustefnu, sem Orkurannsóknarnefndin heyrir undir.

Orkumálastjóri sótti ennfremur tvo fundi til undirbúnings undir Grunn-samning við Orkusáttmála Evrópu, einn stjórnarfund í NORDEL, norrænum samtökun á raforkusviðinu, og sameiginlegan fund EB- og EFTAlanda um rannsóknir á endurnýjanlegum orkulindum.

Forstjóri Jarðhitadeildar sótti fund í Uppsölum á vegum jarðfræðistofnana í Evrópu og tvo undirbúningsfundi undir alþjóðlega jarðhitaráðstefnu sem haldin verður í Flórens á Ítalíu 1995 á vegum Alþjóðlega jarðhitasambandsins (IGS). Hann sat einnig stjórnarfund þess sambands.

Einn sérfræðingur Jarðhitadeildar sótti vinnufund í Bandaríkjunum um forðarfræði jarðhitans og hélt þar erindi og sat stjórnarfund Alþjóðlega jarðhitasambandsins í sömu ferð. Annar sótti fund á vegum tækninefndar ODP (Ocean Drilling Programme) og hinn þriðji ráðstefnu Evrópusambands jarðeðlisfræðinga í Wiesbaden í Þýskalandi og aðra ráðstefnu í Potsdam. Hann hélt erindi á þeim báðum. Þá sótti sérfræðingur á Jarðhitadeild ráðstefnu Evrópusambands jarðeðlisfræðinga sem starfa í olíurannsóknum og hélt þar erindi og annar ráðstefnu rafmagnsverkfræðinga í Bandaríkjunum.

Sérfræðingur á Jarðhitadeild var í endurmenntunarfundi hluta úr árinu við Reactor Centre (SURRC) í Glasgow í Skotlandi þar sem hann vann að rannsóknarverkefni um útfellingar í jarðhitavatni hér á landi.

Haldið var áfram þátttöku í samnorrænu verkefni um *veðurfarsbreytingar og orkuvinnslu sem var á þriðja og*

næstsíðasta ári samkvæmt verkáætlun. Sóttir voru fundir í samræmingarnefnd verkefnisins og í vinnuhópum um veðurfar, jökllalíkon, rennslislíkon og tímaraðagreiningu rennslis. Á vegum verkefnisins var flutt erindi um jökllalíkon á ársfundi Evrópska jarðeðlisfræðifélagsins í Wiesbaden. Gefin var út í ritröð um vatnafræði á Norðurlöndum og skýrsla um jökllalíkanið og beitingu þess á jökla á Íslandi og í Noregi. Orkustofnun bar að mestum hluta kostnað af vinnu sérfræðinga sinna í tengslum við þetta verkefni, en Orkunefnd Norrænu ráðherranefndarinnar greiddi eins og áður ferðir, upphald og útgáfukostnað.

Í samvinnu við aðrar vatnafræðistofnanir á Norðurlöndum var unnið áfram að því að gera sameiginlega úttekt á vatnamælingakerfum, með það fyrir augum að auka sparnað, skilvirkni og hagkvæmni í rekstri þeirra. Sömuléiðis var fram haldið reglulegu samráði milli þessara systurstofnana um landupplýsingakerfi (GIS) og reynslu af notkun Arc/Info tölvukerfisins.

Forstöðumaður Vatnamælinga fór í ágúst til 9 mánaða dvalar við endurmenntun á sviði vatnafræði í Bandaríkjunum.

Forstjóri Vatnsorkudeildar sótti fund forstjóra norrænna vatnafræðistofnana og samræmingarfund norrænu vatnafræðinefndanna. Einnig sat hann ársfund alþjóðanefndarinnar um stórar stíflur (ICOLD). Sóttur var vinnufundur í Noregi um hermilíkon fyrir vatnsaflsvirkjanir með kaup á slíkum búnaði í huga til notkunar á Orkustofnun.

Haldið var áfram samstarfi við alþjóða jarðgangasambandið (ITA) og ársfundur þess sóttur áamt ráðstefnu um jarðgangagerð. Þá var sóttur sameiginlegur fundur stjórna norrænu jarðtæknifélaganna en slíkur fundur verður haldinn á Íslandi 1994. Ákveðið var að halda næsta norræna jarðtæknimótið á Íslandi 1996. Farið var í kynnisferð um heilborun jarðganga til Hallandsås í S. Svíþjóð og að Stórabelti. Kynnt var niðurstaða um efnafraði íslensks grunnvatns á alþjóðaráðstefnu vatna-jarðfærðinga í Noregi.

Helstu verkefni á sviði stjórnsýslu eru fjárreiður, bókhald og starfsmannahald. Einnig ýmis sameiginleg þjónusta svo sem útgáfa, rekstur teiknistofu, bókasafns, húsnæðis, matstofu og tölvu.

## Fjármál

Samkvæmt meðfylgjandi rekstrarreikningi námu bókfærð útgjöld á árinu 1993 alls 357 milljónum króna en tæpum 378 milljónum árið áður. Raunvirði útgjalda Orkustofnunar lækkaði um 10,0% milli ára.

Fjárveitingar á árinu námu 221,5 milljónum króna en voru 239,5 milljónum króna árið 1992 og lækkuðu því að raunvirði um 11,8% frá fyrra ári.

Sértekjur urðu 161,2 milljónir króna en voru 144,2 milljónir árið 1992, hækkuðu að raungildi um 6,5% frá árinu áður. Þar réð mestu að á árinu vann stofnunin að rannsóknaverkefni fyrir hlutafélagið Spöl hf vegna fyrirhugaðra jarðganga undir Hvalfjörð. Verkið vann stofnunin að stærstum hluta sem und-

irverktaki norsks rannsóknaraðila. Þá varð veruleg aukning í sérverkefnum fyrir lðnaðarráðuneytið miðað við árið á undan. Svipað var unnið fyrir hitaveitur og árið áður. Meira var þó unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja en nokkru sinni áður. Virkjanarannsóknir fyrir Landsvirkjun minnkuðu frá fyrra ári. Áfram var unnið umtalsvert við sérverkefni á sviði jarðfræðikortlagningar fyrir sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu.

Áfram var haldið þeim samvinnuverkefnum frá fyrra ári sem fjárveitingavaldið leggur til sérstaka fjárveitingu á móti fjárframlagi samstarfsaðila. Þau verkefni sem hér um ræðir eru „Átak í vatnsorkurannsóknum“, „Umhverfisáhrif jarðhita“ og „Virkjun jarðhita til raforkuvinnslu“. Einnig var unnið að ýmsum öðrum samvinnuverkefnum á árinu. Tekjur af slíkum verkefnum urðu alls 37,3 milljónir króna eða 23% af 161,1 milljón króna sértekjum, en voru 40,9 milljónir króna árið á undan eða 28% af 144,2 milljónum króna sértekjum það ár.


Fjárveitingar á föstu verðlagi lækkuðu um upp. 30 milljónir króna frá fyrra ári

og hafa lækkað um 80-90 milljónir króna frá árinu 1988 og um 150 milljónir króna frá árinu 1987. Nauðsynlegt var vegna minni fjárveitinga að hafa stranga aðgát í útgjöldum ársins sem og undangengin ár. Það ásamt stórum tilfallandi sóluverkum á síðasta ári, auk frestunar ýmissa meiriháttar eignakaupa, gerði það að verkum að stofnuninni tókst að halda höfuðstól sínum í árslok 1993 jákvæðum um 10,1% af tekjum ársins. Til samanburðar var hann jákvæður um 3,3% í árslok 1992, 1,8% í árslok 1991, 3,2% í árslok 1990, 4,6% í árslok 1989 og 2,4% í árslok 1988, en hann hafði verið neikvæður um 1,6% í lok 1987.

## Starfsmannahald

Starfsmenn Orkustofnunar voru í lok ársins samtals 94 og eru þá meðalinn þrjú stöðugildi (4 starfsmenn) við mötneyti og húsvörslu sem ekki voru talin með 1992, en þá voru starfsmenn einnig 94 miðað við sömu forsendur. Meginstefnan var eins og undanfarin ár að ekki skyldi ráðið í þær stöður sem losnuðu hjá stofnuninni.

